



Ekki er vitað hvort um árás var að ræða eða slys en minnst níu týndu lífi og fimm tugir særðust. Ökumaður bílsins komst undan á hlaupum en var síðar handtekinn af lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hryllingur á jólamarkaði í Berlín

Minnst níu létust þegar flutningabíll ók á hóp fólks á jólamarkaði í Berlín í gær. Íslendingar í borginni segja fólk í sjokki vegna atviksins.

ÞÝSKALAND Minnst níu létust og um fimmtíu særðust þegar flutningabíll ók á hóp fólks á jólamarkaði í Berlín í gærkvöldi. Ökumaðurinn komst undan á hlaupum en var skömmu síðar handtekinn af lögreglu. Ekki er vitað hvort um óhapp var að ræða eða árás.

„Sendiráðið hefur verið í sam-

bandi við lögregluna og við vitum ekki betur en að allir Íslendingar séu hólnir,“ segir Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands í Þýskalandi. Sendiherrann gekk þarna fram hjá daglega og hafði verið með fjölskyldu sinni á þessum sama jólamarkaði í fyrradag. „Maður veit ekki hvað maður skal segja á svona

stundum. Þetta er ómurlengt illvirki sem hefur í för með sér inngríp í líf svo margra.“

Atvikið átti sér stað á jólamarkaði í Charlottenburg-hverfinu í Berlín sem er í vesturhluta borgarinnar. Gatan er ein vinsælasta og stærsta verslunargata Berlínarborgar. Tveir voru í bílnum og var annar þeirra

látinn. Talið er að hann hafi týnt lífi í árekstrinum.

„Það eru bara allir í sjokki. Ég gekk þarna í gegn nokkrum mínútum áður en þetta átti sér stað,“ segir Jón Kári Hilmarsson en hann er staddur í borginni sem stendur. Hann hafi gengið í gegnum markaðinn en ákveðið að halda þaðan sökum hungurs. „Þegar

ég kom af veitingastað, sem er þarna í hundrað metra fjarlægð, voru viðbragðsaðilar út um allt.“

Talsverður fjöldi Íslendinga er búsettur í Berlín eða staddur þar. Utanríkisráðuneytið hefur biðlað til fólks að láta aðstandendur vita, hafa samband við ráðuneytið eða sendiráð Íslands í Þýskalandi. –joe

Eyjamenn fá kannski nýtt Keikó-ævintýri

VESTMANNAEYJAR Hafinn er undirbúningur að komu þriggja mjaldra frá dýrgarði í Sjanghæ til Vestmannaeyja.

Breska fyrirtækið Merlin Entertainment, sem á dýrin og vill sleppa þeim út í náttúruna, fékk nýverið synjun frá Rússlandi um að sleppa þeim þar og einbeittir sér því að því að koma hvölnum fyrir við Vestmannaeyjar.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST er ekki talið líklegt að dýrin beri með sér sjúkdóma eða annað álíka en vegna vegalengdarinnar frá Sjanghæ til Íslands það það fyrirtækið að skila inn áhættumati samkvæmt náttúruverndarlögum og lögum um innflutning dýra. Það mat er nú á lokastigi. – bb / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Grímur Sæmundsen segir ferðabjónustuna vannýttu auðlind. **17**

SPORT Einstakur árangur íslenskra handboltapjálfa. **18**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Bjúgnakrækir kom til byggða



Glaesilegar jólagjafir

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
michelsen.is

GJAFAKORT
BORGARLEIKHÚSSINS
Gjöf sem lifnar við!


MIDASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

4
DAGAR
TIL JÓLA

Kringlan

Veður



Sunnan 8-15 og rigning með köflum, en heldur hvassari fyrirpartinn. Hiti 1 til 7 stig. Gengur í norðanstorm með snjókomu á Vestfjörðum seinnipartinn. Kólnandi veður. **SJÁ SÍÐU 22**



Einn farsíma BlackBerry.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

BlackBerry tekur slaginn

TÆKNI Símaframleiðandinn BlackBerry ætlar að skipta um gir og einbeita sér að því að þróa tækni fyrir sjálfkeyrandi bíla. Frá þessu greindi fréttaveitan Reuters um helgina en BlackBerry opnaði rannsóknastöð sína í Waterloo í Kanada í gær. Viðstaddur opunarathöfnina var Justin Trudeau forsætisráðherra.

BlackBerry varð vinsælt merki á farsímamarkaði þegar fyrirtækið setti síma sinn, Quark, á markað. Sá sími var útbúinn litlu lykklaborði og hentaði hann einkar vel fyrir atvinnufólk þar sem auðvelt var að nálgast tölvupóst í símanum.

Með tilkomu snjallsíma og snertiskjáa lækkaði frægðarsól BlackBerry hins vegar á himni og hafa símar fyrirtækisins ekki selst eins vel þar sem einkenni þeirra, lykklaborðið, er í raun orðið óþarft. – þea

Grímsstaðir á Fjöllum seldir

VIÐSKIPTI Jörðin Grímsstaðir á Fjöllum hefur verið seld og er kaupandinn breski milljarðamæringurinn Jim Ratcliffe. Jóhann Friðgeir Valdimarsson hjá Fasteignasölu Höfða, sem sá um sölu, segir að jörðin hafi verið til sölu í tvö og hálf ár og margir erlendir aðilar sýnt henni mikinn áhuga.

Í auglýsingu á fasteignavef Vísis kemur fram að ásett verð á jörðinni var 780 milljónir króna. „Þessi aðili ætlar að hafa landið algjörlega óáreitt. Allir ábúendur fá að vera þarna óáreittir og ekkert verið að fara að gera þarna. Hann er aðallega að hugsa um vernd laxastofna, þannig að ég held að allir geti verið sáttir,“ segir hann. – jhh

Beðið eftir matargjöfum fyrir jólin



„Ég hugsa að í dag hafi þetta verið vel yfir þúsund manns,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, spurð um þann fjölda manns sem fékk úthlutaðan mat hjá Fjölskylduhjálpinni í Breiðholti í gær. Aftur verður úthlutað á miðvikudag og á fimmtudag verður svo úthlutað í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stakk konu í handlegg

LÖGREGLUMÁL Manns er leitað eftir að hann stakk konu í handlegginn í húsakynnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í Kópavogi í gærmorgun. Einn var handtekinn eftir árásina en sá var látinn laus þegar ljóst þótti að hann tengdist málinu ekki.

Konuna sakaði ekki alvarlega en hún var flutt á slysideild til aðhlynningar. Mikill viðbúnaður var við Greiningarstöðina strax eftir árásina og var sérsvæit lögreglu kölluð út. Engar öryggismyndavélar voru á ganginum þar sem árásin var gerð og samkvæmt upplýsingum frá lögreglu áttu maðurinn og konan engin orðaskipti.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins tryggir þjónustu við börn og unglínga með alvarlegar þroskaraskanir og fatlanir. – jhh

Tólfumenn óttast að klappið verði þreytt

Töluvert er hringt í forsvarsmenn Tólfunnar til að biðja þá um að taka víkingaklappið á mannfögnuðum. Næst verður haldið út þann 9. janúar þegar formaðurinn fer á verðlaunahátíð FIFA fyrir bestu stuðningsmennina á árinu.

SAMFÉLAG Nokkuð vinsælt er að hringja í forsvarsmenn Tólfunnar, stuðningsmannasveit Íslenska landsliðsins í fótbolta, til að fá þá á mannfagnaði að taka hið margfræga víkingaklapp. Þeir eru þó farnir að neita viðburðum því þeir vilja ekki að klappið verði þreytt.

Flogið var sérstaklega með sex meðlimi Tólfunnar út til Lúxemborgar í byrjun mánaðarins á vegum endurskoðunarfrýrtækisins Ernst & Young til að taka víkingaklappið fræga á jólagleði fyrirtækisins. Þar var starfsmönnum þjappað saman með því að taka klappið góða.

Þá fóru tveir úr Tólfunni til Englands um helgina þar sem niðurlægning enska landsliðsins var fullkomnuð þegar víkingaklappið var tekið á hátíð BBC þar sem íþróttamaður ársins var kynntur. Fleiri hefðu geta farið út en komust ekki vegna vinnu. Benjamín Hallbjörnsson, formaður Tólfunnar, segir að frekari landvinningar séu ekki á dagskrá en töluvert sé hringt til að fá meðlimi til að taka klappið góða.

„Ég hef farið í brúðkaup og afmæli til að taka þetta og ég veit að aðrir úr Tólfunni hafa líka verið að taka þetta að sér. Víkingaklappið er í raun sameiningartákn og mér finnst eins og heimurinn sé að taka meira eftir því en við Íslendingar. Það eru komin einhver fimm eða sex nöfn yfir það og fólk er almennt frekar hrifnið af fyrir hvað það stendur.“

Tólfan kemur til greina sem stuðningsmenn ársins hjá Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA, en verðlaunin verða veitt þann 9. janúar. Þar verður Benjamín að öllum líkindum ásamt Styrmi Gíslasyni, sem er einn af stofnmeðlimum Tólfunnar. „Það eru samskipti á milli FIFA, KSÍ og Tólf-



Tólfan vakti verðskuldaða athygli á EM í Frakklandi. Benjamín er hér fremstur meðal jafningja, klæddur í hvítt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Víkingaklappið er í raun sameiningartákn og mér finnst eins og heimurinn sé að taka meira eftir því en við Íslendingar. Það eru komin einhver fimm eða sex nöfn yfir það og fólk er almennt frekar hrifnið af fyrir hvað það stendur

Benjamín Hallbjörnsson, formaður Tólfunnar

unnar um hvort við séum að fara. Það er alveg líklegt og verður ekkert nema skemmtilegt. Ég náði að sannfæra Styrmi um helgina um að koma með, sem er sníll.“

Fótboltagoðsagnirnar Zvonimir Boban, Marta, Gabriel Batistuta og Vladimir Petkovic fengu það verkefni að velja þrjá stuðningshópa sem voru til-

nefndir í ár. Aðrir tilnefndir eru stuðningsmenn Liverpool og Borussia Dortmund sameiginlega fyrir frammistöðu sína í Evrópuleik liðanna sem og stuðningsmenn ADO Den Haag fyrir að koma færandi hendi á leik á móti Feyenoord í hollensku deildinni. Þeir komu með mikinn fjölda af leikfangadýrum og hentu til stuðningsmanna Feyenoord sem sátu fyrir neðan þá í stúkunninni en það voru börn frá Sophiabarnaspítalunum í Rotterdam.

„Við erum með stórar hugmyndir á okkar borði sem ég get ekki alveg sagt frá. Við viljum og erum að reyna að stýra þessu þannig að þetta verði ekki þreytt. Landsliðsmennirnir eru meira segja farnir að segja það í viðtölum og við viljum það ekki. Við erum komnir í það að neita og farnir að neita eins og við séum einhverjar rokkstjörnur. Það er rómantík á bak við klappið og Tólfuna og við viljum halda í hana.“
benediktboas@365.is

HÁGÆÐA JÓLALJÓS

LED

VELDU JÓLALJÓS SEM ENDAST OG ÞÚ ÞARAR

30% afsláttur af öllum jólaljósum

KONST SMIDE Mikið úrval af gæðum LED útisería fyrir fyrirtæki, húsfélög og heimili
Frá Svíþjóð

grillbudin.is **Grillbúðin**
Opíð alla daga til jóla
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

20.12 - 22.12
OPIÐ TIL KL. 22:00
23.12
OPIÐ TIL KL. 23:00

Öll
jólavara
20-70%
afsláttur

JÓLAGJAFIRNAR

FÁST Í RÚMFATALAGERNUM

ÁBREIÐA



FULLT VERÐ: 4.995

2.995

40%
afsláttur

IMOGEN ÁBREIÐA
Falleg og mjúk
SHERPA ábreiða
með áprentaðri
mynd og CORAL
FLEECE á bakhlíð.
Efni: 100% polyester.
St. 130 x 160 sm.
Vnr. 550-32056



NÚ VERÐ FRÁ:

2.795

30%
afsláttur

PAULA SÆNGURVERASET
Efni 100% bómull. St. 140 x 200 sm. **3.995** nú **2.795**
140 x 220 sm. **4.495** nú **3.145** 200 x 220 sm. **5.995** nú **4.195**
Koddaver 50 x 70 sm. Lokað með tölum. Vnr. 1279580

KRONBORG
OF DENMARK
PLUS

Koddi
50 x 70 sm.
9.990

Sparið
7000
af sæng

SÆNG FULLT VERÐ: 16.990

9.990

KRONBORG HIMMELTINDEN
Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum anda-
dúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka
fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott.
Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn
haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með.
Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4025150, 4225104

33%
afsláttur

MEMORY FOAM



FULLT VERÐ: 2.995

1.995

**MEMORY FOAM
INNISKÓR**
Stærð: XS-XL.
Litur: Grár. Vnr. RL-1601

Allir
borðdúkar
35%
afsláttur



Allir
skrifborðsstólar
20%
afsláttur



Allir
púðar
30%
afsláttur



KÓSÝGALLAR
Flottir kósýgallar á góðu
verði! Fást í nokkrum
gerðum. Barnastærðir:
105 og 125 sm. **5.995**
nú **4.795** Fullorðins-
stærðir: S-M-L-XL **6.995**
nú **5.595** Vnr. 550-51152,
550-51154, 550-51156,
550-51160, 550-51162



20%
afsláttur

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 24.12

Vinsældir forseta í tölu sem sést eiginlega aldrei segir prófessor

STJÓRN MÁL Guðni Th. Jóhannesson fær fádæma góða útkomu í skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis í síðustu viku þar sem spurt var hvort svarendur væru ánægðir með störf forseta Íslands. 97,3 prósent af þeim sem tóku afstöðu sögðust ánægðir.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir algengast að bæði ríkisstjórnir og forsetar á Íslandi njóti vinsælda í upphafi.

„Þetta er gríðarlega há tala en hún fellur að því algenga mynstri að þó

að forsetar hafi fengið innan við 50 prósent atkvæða þá hefur fólk yfirleitt hópast að baki þeim eftir að þeir hafa verið kosnir,“ segir Ólafur. „Þannig að það er í sjálfu sér ekkert endilega mjög óvænt að hann skuli fá mjög góða útkomu en 97 prósent er náttúrliga samt sem áður tala sem maður sér eiginlega aldrei í svona mælingum.“

Af þeim 792 sem náðist í um land allt tóku 92,6 prósent afstöðu til spurningarinnar. Af þeim svöruðu 97,3 prósent því játandi að þeir væru ánægðir með störf forseta Íslands og

En hins vegar er náttúrliga stutt komið þannig að hann getur nú varla búist við því að halda svona tölum.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði



2,7 svöruðu spurningunni neitandi. Guðni var kjörinn forseti í júní með 39,1 prósent atkvæða.

„Þó að við höfum ekki nákvæmar mælingar þá voru flestir forsetar lengst af mjög vinsælir. Kristján Eldjárn var til dæmis mjög vinsæll þó að við höfum ekki mælingar á því. Og Vigdís Finnbogadóttir var lengst af mjög vinsæl. Ólafur Ragnar varð hins vegar miklu umdeildari forseti. Ef hans fylgi eða ánægja með hans störf er skoðuð yfir þessi ár sem hann var forseti þá sveiflast það miklu meira,“ rekur Ólafur.

Vegna kosninga til Alþingis á óvenjulegum tíma nú í lok október og erfiðleika við ríkisstjórnarmyndum hefur talsvert borið á nýjum forseta sem leikið hefur sitt hlutverk í þeim málum. Aðspurður segist Ólafur ekki lesa mikið í það í sambandi við skoðanakönnunina. „Ekki annað en að það eru greinilega ekki stórir hópar sem eru mjög óánægðir með það sem hann hefur gert þar. En hins vegar er náttúrliga stutt komið þannig að hann getur nú varla búist við því að halda svona tölum.“ – gar

Magnús greiðir milljón í bætur

DÓMSMÁL Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur og formaður Félags áhugafólks um fljúgandi furðuhluti, hlaut í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir kynferðisbrot gagnvart sautján ára piltum í heitu pottunum í Laugardalslauginni í desember fyrir tveimur árum. Magnús þarf að greiða öðrum piltinum 600 þúsund krónur í skaðabætur og jafnaldra hans, sem var með í för, 400 þúsund krónur.

Pilturinn var fastagestur í Laugardalslaug líkt og Magnús og kunnudust þeir vel hvor við annan. Umrætt kvöld ræddu þeir saman í pottinum og sagðist Magnús meðal annars ætla að taka í rassgatið á þeim. Í framhaldinu togaði Magnús í buxnaströnginn á sundbuxum piltins en sagði að um gamnislag hefði verið að ræða hjá þeim. – ktd



Magnús Skarphéðinsson

Lagarde dæmd í Frakklandi

FRAKKLAND Franskir dómstólar hafa dæmt Christine Lagarde, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fyrir vanrækslu. Hún er dæmd fyrir að hafa árið 2008, þegar hún var fjármálaráðherra Frakklands, samþykkt greiðslur að upphæð 404 milljónir evra til kaup-sýslumannsins Bernard Tapie vegna umdeildrar fyrirtækjasölu. Lagarde, sem neitar ásökunum, var ekki viðstödd dóminn. Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun taka ákvörðun um framtíð hennar hjá sjóðnum. – jhh

Stefnir í nýtt Keiko-ævintýri

Hafinn er undirbúningur að komu þriggja mjaldra frá dýragarði í Sjanghæ til Vestmannaeyja. Breska fyrirtækið Merlin Entertainments, sem á dýrin og vill sleppa þeim út í náttúruna, fékk nýverið synjun frá Rússlandi um að sleppa þeim þar og einbeittir sér því að því að koma hvölunum fyrir við Vestmannaeyjar.

SAMFÉLAG Fyrirtækið Merlin Entertainments undirbýr nú af krafti komu þriggja mjaldra til Vestmannaeyja frá dýragarði í eigu fyrirtækisins í Sjanghæ. Fyrirtækið sendi Matvælastofnun (MAST) formlegt erindi í apríl síðastliðnum þar sem var óskað eftir því að fá að flytja hvalina til landsins. Teikningar fylgdu með umsókninni.

Samkvæmt upplýsingum frá MAST er ekki talið líklegt að dýrin beri með sér sjúkdóma eða annað álíka en vegna vegalengdarinnar frá Sjanghæ til Íslands það fyrirtækið að skila inn áhættumat samkvæmt náttúruverndarlögum og lögum um innflutning dýra. Það mat er nú á lokastigi og er ætlun fyrirtækisins að fylgja málinu eftir strax eftir hátiðimar.

Merlin Entertainments er breskt fyrirtæki sem á og rekur 124 skemmtigarða, 13 hótél og fimm skemmtiþorp í 24 löndum. Rekstrarhagnaður fyrirtækisins árið 2015 var um 300 milljónir dollara eða 34 milljarðar króna. Alls vinna 25 þúsund manns hjá Merlin.

Samkvæmt heimasíðu Merlin hefur fyrirtækið keypt nokkra sædýragarða í Asíu en mjaldrarnir hafa verið þrír saman í nokkur ár að leika alls konar listir á sýningum. Samkvæmt erlendum fréttum hefur Merlin leitað um víða veröld eftir heppilegum heimkynnum en ekki fundið. Fyrirtækið var í samskiptum við rússnesk yfirvöld því hvalirnir eru sagðir hafa fæðst í rússneski lögsögu. Yfirvöld í Kreml höfðu engan áhuga á samstarfi og því er Ísland næst á dagskrá. Hér sé þekking og kunnátta eftir að hafa tekið við Keiko á sínum tíma.

Dýraverndunarsamtök hafa lengi barist fyrir því að mjaldrarnir fái frelsi úr Chang Feng-sædýragarðinum og þegar Merlin keypti hann árið 2011 var því lofað að hvalirnir fengu að synda frjálslir um höfin á ný. Fyrirtækið hefur



Keiko kom til Vestmannaeyja árið 1998 en hann er frægasti háhyrningur allra tíma. Hann drapst við strendur Noregs árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



Gríðarlega langt ferðalag til Íslands gæti verið of stór biti að kyngja. Áhættumat um flutningana er á lokastigi. MYND/GETTY

Mjaldur

Tannhvalur og önnur af tveimur tegundum hvíthvalaættar. Hin tegundin er náhvalur. Mjaldur þýðir sá hvíti. Er fremur kubbslegur, með lítinn haus, hátt enni og stutt trýni. Kýrnar eru um 3,9 til 4,1 metri á lengd. Tarfarnir eru frá 4,9 til 5,5 metrar á lengd. Þyngd fullvaxta dýra er allt frá 500 kg upp í 1.500 kg. Lýsist með aldrinum og við fimm til tólf ára aldur er dýrið orðið alhvítt. Lifslíkur eru 30–40 ár. Hann er frekar sjaldséður við Íslandsstrendur.

unnið náði með WDC-dýraverndarsamtökunum og í yfirlýsingu sem fyrirtækið sendi frá sér segir meðal annars að teymi dýralækna og sjávarlíffræðinga frá Merlin og WDC ásamt sjálfstæðum sérfræðingum um hvali og höfrunga hafi undanfarna mánuði reynt að finna heppileg heimkynni.

Þar segir einnig að gríðarleg vinna hafi verið unnin því takmarkið sé að koma hvölunum í manngerðar kviar úti í náttúrunni. Þar sé ætlunin að mjaldrarnir syndi til dauðadags án þess að þurfa að sýna alls kyns kúnstir fyrir mannfólki. Hvalirnir verða einnig metnir af sjálfstæðum sérfræðingum um hvort sé hægt að sleppa þeim alfaríð. Ef það er möguleiki mun fyrirtækið gera áætlun sem verður síðan framfylgt. Ekki tókst að ná í Elliða Vignisson, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. benediktboas@365.is

1. BOKSÖLU LISTINN
BARNABÆKUR
6.-12. desember 2016

2. PRENTUN KOMIN

„Bráðskemmtileg ... Höfundur hefur þennan x-factor, neistann sem þarf til að geta skemmt lesendum. Maður hlær upphátt, tárast örlítið og skemmtir sér konunglega allan tímann.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan

„... Ég óska heppnum lesendum gleðilegra hláturskasta og bókaþjónu.“
Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá

„... textinn fullur af húmor og lífsgleði.“
María Bjarkadóttir / Bókmenntir.is

ELLINGSEN
100 ÁRA

25%

**VIÐ LOKUM 100 ÁRA AFMÆLI
OKKAR Á 25% AFLSÆTTI
TIL ÁRAMÓTA.**

OPNUNARTÍMI TIL JÓLA
ÞRIÐJUDAG-FIMMTUDAGS 10-20 / ÞORLÁKSMESSA 10-21 / AÐFANGADAG 10-12

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

Skáka þúsundum fyrirtækja í Evrópu

Fyrirtækið Nox Medical hefur tryggt sér stóran styrk frá Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins. Nýtist til að þróa næstu kynslóð svefnrannsóknna á næstu árum. Fyrirtækið vinnur að lausn svefnvanda sem er undirliggjandi ástæða fjölda alvarlegra sjúkdóma.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Hátæknifyrirtækið Nox Medical hefur tryggt sér háan styrk úr Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins í samkeppni við þúsundir lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu. Rökstuðningur styrkveitingarinnar til Nox Medical byggir á því að fyrirtækið muni á næstu árum hanna og þróa byltingarkenndar lausnir á sviði svefnrannsóknna. Styrkurinn nemur tveimur milljónum evra eða um 240 milljónum íslenskra króna að núvirði.

Skáka þúsundum fyrirtækja

Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical, segir að þau fyrirtæki sem koma til greina til þessarar styrkveitingar hafi færri en 250 starfsmenn og 50 milljónir evra eða minna í veltu. Undir þessari skilyrði falli nær öll fyrirtæki Evrópu önnur en alþjóðleg stórfyrirtæki og starfsemi þeirra sem til greina koma er því afar víðtæk.

„Þau fyrirtæki sem valin eru eiga það sammerkt að vinna að byltingarkenndri tækni á sínu sviði, sem getur breytt því landslagi sem fyrir er. Til að fá styrkinn vegur það hæst í mati á styrkveitingunni að líklegt sé að hann skili árangri og því þýðir þetta að okkar fyrirtæki sker sig úr í hópi þess gríðarlega fjölda fyrirtækja sem þarna sækir um,“ segir Pétur.

„Vandamál sem tengjast svefnröskunum eru algengari en margur heldur. Það eru skilgreindir nærri 100 sjúkdómar, eða sjúkdómsgreiningar, hjá Alþjóða heilbrigðisstofnuninni (WHO) sem tengjast svefntruflun,“ segir Pétur. Sýnt hefur verið fram á sterk tengsl svefnraskana við m.a. sykursýki, offitu, háþrýsting, hjartabilun, kransæðasjúkdóma og mörg önnur stærstu heilbrigðisvandamál mannkyns í dag. Þá eru ótalin vinnu- og umferðarslys þar sem þreyta leikur stærra hlutverk en almennt er viðurkennt.

Pétur segir að svefnraskanir séu í raun lyðheilsuvandamál, en afleiðingar svefnraskana eru taldar kosta Evrópubjóðir um 300 milljarða evra árlega og fer kostnaðurinn hratt hækkanði. Margir segja það hins vegar stórkostlega vanmetna tölu, segir Pétur, einfaldlega vegna þess að margir sem eiga við svefntruflanir að stríða gera sér ekki grein fyrir því í hverju vandi þeirra liggur. Af þeirri ástæðu er því einnig gríðarlega mikilvægt að heilbrigðiskerfin



Starfsmenn Nox Medical eru um 50 – margir komu heim eftir nám til að vinna hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Þau fyrirtæki sem valin eru eiga það sammerkt að vinna að byltingarkenndri tækni á sínu sviði, sem getur breytt því landslagi sem fyrir er.

Pétur Már Halldórsson, framkvæmdastjóri Nox Medical



hafi töl og tæki til þess að greina og meðhöndla svefnjúkdóma á skilvirkan hátt.

Verkefnið sem styrkurinn var veittur út á gengur út á að þróa byltingarkenndar aðferðir og tækni sem gerir mælingar á svefni og svefnstöðugleika einfaldari og þar með aðgengilegri en áður hefur þekkt. Þar sem svefnraskanir eru mjög algengar þá er mikilvægt að aðgengi og kostnaður slíkra mælinga sé ásættanlegur fyrir heilbrigðiskerfi nútímans. Núverandi aðferðir eru kostnaðarsamar og henta jafnvel illa fyrir stóra þjóðfélagsþópa svo sem börn sem þurfa

Tífoldun á veltu frá 2011

- Uppsöfnuð velta frá 2009 rúmir 6,3 milljarðar króna af hreinum gjaldeyristekjum.
- 99,6% af tekjum félagsins af erlendum mörkuðum.
- Velta félagsins tífaldast síðastliðin 5 ár.
- **Auðlindir:** Mannauður, einkaleyfi, hugvit og þekking.
- **Markaðir:** Bandaríkin, Evrópa, Asía.
- Starfsmenn félagsins um 50.
- Stærstur hluti útgjalda Nox er til kominn vegna áframhaldandi þróunarstarfs.
- Horizon 2020 styrkurinn fellur undir Rammaáætlun ESB (2013-2020) um rannsóknir, þróun og nýsköpun og er helsti vettvangur ESB til fjármögnunar rannsókna í Evrópu, og styrkja þannig samkeppnishæfni álfunnar í viðuhæfni.

þá undantekningalaust að undirgangast hefðbundna svefnmælingu með innlögn á sjúkrahöfnun. Hugmyndir Nox Medical ganga út á að leysa þetta kerfisvandamál með nýrri tækni í gervigreind, merkjafræði og úrvinnslu gagna.

Ekki eyland

Nox Medical er ekki eyland í þessum rannsóknum sínum. Fyrirtækið starfrækt sérstakt rannsóknarteymi til þess að vinna að framþróun svefnmælitækninnar í nánú samstarfi við vísindamenn. Þannig má brúa bilið á milli nýjustu þekkingar á heilbrigðissviðinu yfir í vöruþróun. Nox hefur um árabil starfað náð með

svefnrannsóknardeild Landspítala – Háskólasjúkrahúss að metnaðarfullum verkefnum. Í þessu verkefni er Nox einnig í samstarfi við margar af virtustu rannsóknamiðstöðvum á þessu sviði s.s. Harvard-háskóla í Boston, Stanford-háskóla í Kaliforníu og Imperial College í London.

Nox Medical ehf. er stofnað 2006 af verkfræðingum og heilbrigðisvísindafólki sem áður unnu hjá fyrirtækinu Flaga Medcare sem þá var verið að flytja úr landi. Stofnendur einsettu sér að þróa nýja kynslóð svefngræiningarlausna sem hentuðu meðal annars við rannsóknir og meðhöndlun svefntruflana bæði barna og fullorðinna. Vöxtur Nox Medical hefur verið

mikill á undanförunum árum; nú starfa um 50 manns hjá fyrirtækinu. Pétur segir það gleðilegt að stækkun fyrirtækisins á stuttum tíma – eða rúmlega 40 stöðugildi – sé hámenntað fólk sem margt er að koma heim til Íslands að loknu háskólanámi til að vinna hjá Nox Medical.

Tífold velta

Uppgangur Nox Medical hefur verið hraður og hefur velta félagsins tífaldast á síðustu fimm árum og var um 1,5 milljarðar króna árið 2015. Í dag er Nox Medical í fararbroddi þeirra fyrirtækja sem hanna og framleiða lausnir til greiningar á svefntruflunum og meira en ein milljón manna um allan heim fær greiningu á svefnvanda sínum, þar sem lækningatæki Nox Medical eru notuð, segir Pétur og bætir við að stærsti keppinautur Nox Medical sé Philips – alþjóðlegur risi með nær ótakmarkaða möguleika til að fjármagna sínar rannsóknir og þróunarstarf.

„Það er mikið af hæfileikaríku fólki sem hefur leitað út fyrir landsteinana til að afla sér menntunar en finnur ekki tækifæri við hæfi hérna heima. Í því ljósi eru fyrirtæki eins og okkar kærkomin viðbót við flóru atvinnutækifæra hér á Íslandi,“ segir Pétur.

Tu, tu, tu,
tu, tu, tuttugu!
Er ég tuttugu ára?
Tröll og tíkarspenar, ég
verð að telja aftur!

STAFAKARLARNIR
LEIFUR OTTÓ ÞÓRARINSSON, 5 ÁRA

Sígild og skemmtileg

„Stafirnir eru fyndnir og góðir að kenna krökkum að lesa sig og skrifa sig.“
LEIFUR OTTÓ ÞÓRARINSSON, 5 ÁRA

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

ÖLL SKEMMTILEGU LEIKFÖNGIN FÆRÐU Í HAGKAUP

Einhyrningur
18cm
1.499kr
vnr.955921



15cm 24 teg.
1.499kr
vnr.955923




Bangsi 25cm
2.499kr
vnr.944039



Pug 35cm
2.599kr
vnr.939358



Frozen dúkka
3.499kr
vnr.952724 og 955483



Watch Ya Mouth
4.999kr
vnr.970927



Disney prinsessur
3.999kr
vnr.970629

Equestria - figúra
3.949kr
vnr.908903



Pony figúra
1.999kr
vnr.952734



Play-doh leir
4 stk í pakka
799kr
vnr.952718



Play-doh figúra
og gældýr
2.699kr
vnr.952721



Play-doh town
mini vehicle
2.699kr
vnr.952720



PD Town Figure Pack, Asst
1.299kr
vnr.955495

Allt úrval í Skeiflu, Smáralind, Krínglu og Garðabæ minna í öðrum verslunum.
Með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




Lutool® Combo sett

Lutool Combo Kit allt settið aðeins
17.890

Skrúfvél

Stingsög

Fjölnotatæki


MURBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Andrey Karlov, sendiherra Rússa í Tyrklandi, stóð og hélt ræðu í listasafni þegar hann var skotinn til bana í gær. Ekki er vitað hvort morðinginn var einn að verki eða hvort hann hafði menn með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



JÓLIN

SNACKAST VEL



FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



Rússar og Tyrkir segja morðið hryðjuverk

Tyrkneskur óeirðalögrelumaður skaut sendiherra Rússlands í landinu til bana í gær. Ekki er vitað hvort árásarmaðurinn stóð einn að árásinni eða hvort hann eigi bakland í einhverjum samtökum. Rússar og Tyrkir álíta verknaðinn hryðjuverk.

TYRKLAND Andrei Karlov, sendiherra Rússlands í Tyrklandi, var myrtur á listasýningu í Ankara í gær. Árásarmaðurinn var tyrkneskur óeirðalögrelubjónn og vildi með gjörningnum mótmæla framgöngu Rússa í Aleppo. Ekki er talið að atburðurinn verði tilefni illdeilna milli þjóðanna.

Árásin átti sér stað við opnun listasýningarinnar „Rússland með augum Tyrkja“ í einu helsta sendiráðahverfi Ankara. Hinn 62 ára gamli Karlov flutti tölu til að setja sýninguna en náði ekki að ljúka henni. Hann hafði talað í nokkrar mínútur þegar hinn 22 ára gamli Mevlut Mert Altinas skaut hann í bakið. Karlov lést af sárum sínum á leið á sjúkrahús.

„Ekki gleyma Sýrlandi!“ æpti Altinas eftir að hann hafði hleypt af. Hann bætti svo um betur og sagði

að hann yrði ekki fjarlægður af safninu á lífi. Það reyndist rétt því starfsbræður hans, lögrelumenn höfuðborgarinnar, skutu hann til bana skömmu eftir árásina.

Ekki er vitað hvort Altinas hafi verið einn að verki eða hvort fleiri hafi átt þátt í árásinni. Tyrknesk rannsókn hófst nær samstundis og létu rannsakendur hafa eftir sér að meðlimir Gulen-hópsins lægu undir grun.

Ráðherrar í ríkisstjórn Tyrklands, auk borgarstjóra Ankara, létu hafa eftir sér að markmið árásarinnar væri að reka fleyg á milli Tyrklands og Rússlands. Samband þjóðanna hefur oft verið stírt en ísköldu andaði á milli eftir að Tyrkir skutu niður rússneska herþotu í nóvember í fyrra. Sambandið hefur verið á batavegi það sem af er ári.

Bæði Rússar og Tyrkir hafa kallað atburðinn hryðjuverkaárás. Recep

Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, sagði í sjónvarpsávarpi að hann og Vladimir Pútín, forseti Rússlands, hefðu rætt saman í síma. Þeir hefðu sammælt um að morðið hefði verið hugsað til þess reyna að reka fleyg milli þjóðanna. Hann bætti við að samskipti Rússlands og Tyrklands væru afar mikilvæg fyrir heimshlutann og að árásarmanninum yrði ekki að ósk sinni.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, tók í sama streng og tyrknesku ráðherrarnir. Hann bætti um betur og sagði að árásarmaðurinn vildi koma í veg fyrir frið í Sýrlandi. Forsetinn hét því að verja meiri orku í baráttuna gegn hryðjuverkum.

Fundur utanríkisráðherra Rússlands, Tyrklands og Írans, sem áætlaður var næstkomandi fimmtudag, mun fara fram líkt og ekkert hafi í skorist.

johnnoli@frettabladid.is

..... Heit

Rolo

íssósa

.....

HVAÐ VERÐUR Í EFTIRRÉTT Á JÓLUNUM?

.....

Það er fátt betra en jólaís með dásamlegri sósu! Íssósa ROLO passar fullkomlega með öllum ís. Þú verður að prófa þessa út á jólaísinn.

Uppskriftin er einföld:

250 ml rjómi
4 ROLO rúllur
2 tsk. sítrónusafi
Sjávarsalt eftir smekk

Bræðið allt saman í potti við vægan hita og smakkið til með salti.

.....



Vilja fjölbreyttari kosti fyrir sprotana

Í nýrri skýrslu er lagt til að stofna markað með hlutabréf í óskráðum félögum til að auka fjárfestingu í sprotafyrirtækjum hérlendis. Forstjóri Kauphallarinnar segir alveg þess virði að skoða þannig vettvang. Einnig er lagt til að ríkið styðji við hóp fjárfestinga fyrir tækja.

VIÐSKIPTI Lagt er til í nýrri skýrslu KPMG um fjárfestingun sprotafyrirtækja að stofna vettvang með bréf í óskráðum félögum, að ríkið styðji við hóp fjárfestinga og að stofnað verði félag englafjáfesta á Íslandi. Englafjáfestar eru frumfjáfestar sem fjáfesta næst á eftir stofnendum, fjölskyldu og vinum.

Í skýrslunni er einnig lagt til að ríkið styðji við hóp fjárfestinga, en það hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum. Talið er að með hóp fjárfestinga yrði markaðurinn í meiri mæli látinn ráða því hvaða fyrirtæki fái fjárfestingu frá hinu opinbera. Þá er lagt til að ráðist verði í kynningarátak um kosti og galla þess fyrir almenning að fjáfesta í sprotafyrirtækjum. Verkefnið var unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Í skýrslunni kemur fram að stærsta gatið, þegar komi að fjárfestingunarkostum, sé þegar sprotastigi lýkur en áður en tekjur eru farnar að koma inn í reksturinn í miklum mæli. Þar sé samkeppni lítil og viðbrögð fjáfesta gjarnan þau að fyrirtækin þurfi að vera komin lengra til að hægt sé að leggja þeim til fé. Tillögur skýrslunnar miða að því að auka val sprotafyrirtækja á öllum stigum, en þó með áherslu á að fylla upp í gatið.

Vettvangur með óskráð bréf í samstarfi við aðila eins og Samtök iðnaðarins og Nasdaq OMX Ísland ætti að auka upplýsingaflæði



Fram kemur í skýrslunni að stærsta gatið í sprotafjárfestingunarkostum sé á millistigi. MYND/GÍGJA EINARSDÓTTIR

og stuðla að auknum viðskiptum með bréf í sprotafyrirtækjum. Reynt yrði að koma í veg fyrir misnotkun með hæfilega íþyngjandi regluverki og fyrirvörum gagnvart þátttakendum á vettvanginum.

„Mér finnst engin ástæða til ann-

ars en að athuga hvaða möguleikar séu í boði þarna. Tvennt skiptir þarna öllu máli. Í fyrsta lagi þarf að búa þannig um hnútana að þetta verði trúverðugur vettvangur og samileg upplýsingagjöf verði um þá kosti sem bjóðast. Í öðru lagi er

mikilvægt að þetta sé aðgreint frá skráðum kostum, að það sé gerður skýr greinarmunur á því sem um er að ræða,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

„Það á eftir að útfæra þetta nánar, það væri næsta skref. En við höfum

Mér finnst engin ástæða til annars en að athuga hvaða möguleikar séu í boði þarna.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar



lýst yfir áhuga á því að vera til ráðgjafar í þessu. Við í Kauphöllinni höfum talað um að það séu mikil tækifæri á þessum enda. Þetta gæti verið milliskref fyrir fyrirtæki sem ætla að skrá sig á markað eða hyggja á stærri landvinninga,“ segir Páll.

Bala Kamallakharan, fjárfestir og mentor hjá Startup Reykjavík, telur að tillögurnar séu góðar. „Ég er einn þeirra sem telja að meira fjárfesting sé betra en minna, fyrst og fremst vegna þess að enginn veit hvaða fyrirtæki muni slá í gegn. Ég held að það sé mikilvægt að við skoðum allar leiðir til að veita stofnendum tækifæri til að byggja upp eitthvað sem nær árangri. Ég tel að aðgangur að fjárfestingu eigi að vera erfiður en það eigi jafnframt að vera margar og fjölbreyttar leiðir í boði,“ segir Bala. „Í lok dags snýst þetta mest um að fá meira fjárfesting og gefa fyrirtækjum það á sprotastigi.“ saeunn@frettabladid.is

TAKTU ÞÁTT Í AÐ BYGGJA BRUNNA Í AFRÍKU ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK!

SENDU HJÁLP NÚNA MEÐ ÞVÍ AÐ

- greiða valgreiðslu í heimabanka - 2500 kr.
- hringja í söfnunarsíma 907 2003 - 2500 kr.
- leggja til framlag á framlag.is
- gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is
- leggja inn á söfnunarreikning okkar 0334-26-50886, kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar

VATN ER VON




actalliance

Enginn Íslendingur er í skjölum SVT um svindl

VEDMÁL Enginn Íslendingur er í skjölum um leikmenn sem grunaðir eru um að hafa hagrætt úrslitum í tveimur efstu deildum sænska fótboldans. Alls eru 43 leikmenn grunaðir um að hafa hagrætt úrslitum en 17 íslenskir leikmenn voru á launaskrá sænskra liða á síðasta tímabili.

Sænska ríkissjónvarpið, SVT, komst yfir leyning skjöl frá svissneska fyrirtækinu Sports Radar, sem sérhæfir sig í útreikningum á mögulegri hagræðingu á úrslitum leikja og vinnur með Evrópska knattspyrnusambandinu, UEFA, þar sem þetta kemur fram. Enginn leikmaður hefur verið nafngreindur í skjölunum en einn úr teymi SVT sagði í samtali við Fréttablaðið að enginn Íslendingur væri meðal þeirra sem væru grunaðir um að hafa óhreint mjól í pokahorninu.

Sænska deildin er talin vera sú 21. sterkasta í Evrópu samkvæmt styrkleikalistu UEFA. –bb



Kári Árnason var fyrirlíði Malmö í sænsku deildinni en 17 íslenskir leikmenn voru á launaskrá sænskra liða á síðasta tímabili. MYND/GETTY

Jóla kortasendingar eru á hröðu undanhaldi

SAMFÉLAG Aðeins 38 prósent landsmanna ætla að senda jóla kort með bréfpósti þetta árið samanborið við tæplega 47 prósent Íslendinga í fyrra. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar MMR.

Af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðust 43,5 prósent ekki ætla að senda nein jóla kort í ár og er það 10,5 prósentustiga hækkun frá því í síðustu könnun. Ívið fleiri ætla að senda rafræn jóla kort í ár heldur en í fyrra eða 11,5 prósent landsmanna.

Hærra hlutfall kvenna en karla hyggst senda jóla kort með bréfpósti, eða 42 prósent á móti 35 prósentum, og um 48% karla segjast ekki ætla að senda jóla kort í ár samanborið við 38% kvenna. Íslendingar á aldrinum 18-29 ára eru ólíklegri



Í það er nóg um að vera hjá Íslandsþéttu, þar sem þessi mynd er tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

til að senda jóla kort samanborið við fólk 30 ára og eldra. 924 einstaklingar, 18 ára og eldri, sem eru í viðhorfahópi MMR, svörðu spurningunni. Könnunin var gerð dagana 9.-14. desember. –jhh

SNJALLAR JOLAGJAFIR

ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*



BenQ

27" AMVA+
ULTRA THIN LÚXUS SKJÁR

RAMMALAUS BEZEL

BRIGHTNESS INTELLIGENCE
AMVA+
TÆKNI MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORNI

BenQ

27" AMVA+ ULTRA THIN LÚXUS SKJÁR

Rammalaus AMVA skjár frá BenQ með Ultra Thin bezel, 178° True To Life sjónarhorn og sjálfvirkri Brightness Intelligence tækni sem er algjör byltning í skerpu og myndgæðum.

- 27" AMVA+ FHD 1920x1080 skjár
- 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
- 4ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Flicker-free og Low Blue Light Plus tækni
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Super Resolution Upscaling tækni
- Sjálfvirk Brightness Intelligence tækni
- 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgir

44.990

RAMMALAUS EDGE2EDGE

EW2775ZH



SEAGATE

2TB Ultra Slim
HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI

GOLD EDA PLATINUM AFERÐ :)

NY KYNSLÖB
ÖRÞUNNUR AÐEINS
9.6mm OG
135gr

OneDrive
SÖMUR FYLIR MEÐ

19.990

1TB SLIM AÐEINS 11.990

- Mjög falleg Ultra Slim Metal hönnun
- Þynnsti 2TB ferðaflakki í heimi!
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- 200GB skýjahýsing hjá OneDrive fylgir
- Örþunnur og fislettur 9.6mm og 135 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0



WONLEX

HEILSUÚR
FRÁBÆRT HEILSUÚR FRÁ WONLEX

2 LITIR

ID107

12.990

FULLKOMINN FÉLAGI Í RÆKTINA!

- Frábært heilsuúr frá Wonlex
- Vandaður innbyggður pulsmaelir
- Fylgstu með hvenær/hversu vel þú sefur
- Klukka, dagsetning caller ID, hitamælir ofl.
- Allt að 7 daga rafhlöðuending
- Polir raka, rigningu og vökvaslettur
- Sérstaklega mjúk og þægileg silicon ól
- App í boði fyrir iOS og Android



ES1-523

NYTT VAR AÐ LENDA!

25SSD

AMD

69.990

FLOTT VÉL MEÐ 256GB SSD

- AMD Dual Core E1-7010 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjumum



LogiLink

MYNDARAMMI
7" DIGITAL MYNDARAMMI

FRÁÐLAUS FJARSTYRING FYLGIR MEÐ!

7.990

JÓLAPAKKI MEÐ MYNDUM FRÁ ÞÉR!

- Hágæða 7" LogiLink LCD litaskjár
- 4:3 Ljósmyndastærð með 800x600p
- Birtir allar JPEG myndir að 16MP
- Spilar myndir í sjálfvirkri myndsyningu
- Les af minnikortum og minnislyklum
- Handhæg fjarstýring fylgir með
- Stendur á borði eða festist á vegg
- USB tengi og minnikortalesari



WONLEX

GPSKRAKKAÚR
ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!

JÓLA TILBOÐ
VERÐ AÐUR
9.990

SOS HNAPPUR
SENDIR BOÐ Í SÍMA
FORELDRA!

MICRO SIM
VIRKAR MEÐ ÖLLUM
SÍM KORTUM!

7.990

WONLEX GPS KRAKKAÚR

- Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1.22" LED líta snertiskjá, SOS takki fyrir neyðarsímtal og SMS sendingu með staðsetningu.
- 1.22" líta LED snertiskjár
- Allt að 10 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjaraklukk
- Viðvörn kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgírðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnað úr síma foreldra
- App í boði fyrir iOS og Android



VR CARDBOARD

NYTT VAR AÐ LENDA!

CARDBOARD

1.990



KOSS

FISLÉTT HEYRNARTÓL

UR23i

2.990

4 LITIR



GEAR4U

HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR

URVAL LEIKJASTÓLA
Á VERÐI FRÁ
26.990

34.990



PS4

PLAYSTATION 4 SLIM

NY KYNSLÖB
ÖFLUGRI, ÞYNNRI
OG LÉTTARI!

500GB

STYRIPINNUR
FYLGIR

46.990

OPNUNARTÍMAR
Opíð alla daga
til jóla :)
12-23.des 10-19
Aðfangadag Lokað



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer LogiLink Parrot plantronics PS4 SALORA Trust WONLEX XBOX ONE

Allt að 100.000
með JÓLAGREITT, greiddu
1.FEB
Kostnaður aðeins
kr. 198 :)



20. desember 2016 - Birt með fyrirvara um breytingar, penningvirði og myndrængi. *Tölvutek er stærsta skrifariða tölvuverslun landsins í formnum vefstærðum kafla, samkvæmt málfræðu. Málfræðisáhrif þann 10.05.2016

Forseti bíður átekta enn um sinn

ALÞINGI Lítið hefur þokast í stjórnarmyndunarviðræðum flokkanna sjö sem sitja á Alþingi síðan Birgitta Jónsdóttir skilaði umboði til stjórnarmyndunar fyrir átta dögum. Forseti Íslands segist bíða átekta enn um sinn og mun ekki skerast í leikinn næstu daga.

Þingið er á yfirsúningi við að ljúka fjárlagafrumvarpsvinnunni fyrir jól og voru fundahöld stíf allan daginn í gær. Meginþungi vinnunnar nú er í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Af samtölum við þingmenn að dæma þokast lítið í stjórnarmyndunarviðræðum og þær hafa á einhvern hátt vikið fyrir fjárlagavinnunni.

Smári McCarthy hefur setið fundi í efnahags- og viðskiptanefnd og hann segir vinnuna sem þar sé unnin mjög góða en farið sé allt of hratt til að nýir þingmenn geti sett sig nægilega vel inn í mál. „Til að mynda lífeyrissjóðsmálið, sem er risastórt mál með um 260 blaðsíður af umsögnum, væri ég til í að ræða við fleiri og fá meiri tíma til að liggja yfir málinu,“ segir Smári.

Forseti Íslands veitti engum umboð til stjórnarmyndunar þann 12. desember síðastliðinn. Í svari við skriflegri fyrirspurn Fréttablaðsins um næstu skref sagði forsetinn að hann hafi fylgst með óformlegum þreifingum um stjórnarmyndun síðustu daga og bíði átekta enn um sinn.

Í fjárlaganefnd var tekist á í allan gærdag um ríkisútgjöldin og hversu mikið þyrfti að bæta í heilbrigðis-



Forseti Íslands ætlar ekki að aðhafast um sinn.

og menntakerfi, samgöngumál og menningu. Í dag mun þeirri vinnu fram haldið og reynt að finna fjármagn fyrir aukningu útgjalda. Fjárlög gera ráð fyrir 36 milljarða hækkun á fjárlögum miðað við síðustu fjárlög.

Enginn meirihluti hefur myndast í fjárlaganefnd sem gæti orðið visir að stjórnarmeirihluta. Þeir þingmenn sem Fréttablaðið náði tali af í gær voru sammála um að allir legðust nú á eitt við að klára fjárlög sem ein heild. Á meðan situr starfsstjórn sem setið hefur síðan 30. október. sveinn@frettabladid.is



Í Denver, höfuðstað Colorado, stóð fólk fyrir utan þinghúsið rétt eins og víðar í ríkjum Bandaríkjanna með áskoranir til kjörmanna um að greiða Donald Trump ekki atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Kjörmennirnir hafa kosið nýjan forseta

Formlega var forseti Bandaríkjanna kosinn í gær, þegar alls 538 kjörmenn komu saman til að greiða atkvæði. Þau verða þó ekki talin fyrr en 6. janúar. Þúsundir manna skora á kjörmenn að „bjarga þjóðinni“ frá því að þurfa að þola Trump.

BANDARÍKIN Þúsundir manna höfðu skorað á hina bandarísku kjörmenn, sem í gær komu saman til að greiða atkvæði, að „bjarga þjóðinni“ frá því að þurfa að þola Donald Trump í Hvíta húsinu næstu fjögur árin.

Litlar líkur voru þó taldar á því að nægilega margir myndu verða við þessum áskorunum til þess að snúa kjörinu Hillary Clinton í vil. Að minnsta kosti átta þeirra höfðu þó sagst ætla að greiða gegn þeim fyrir mælum sem þeir hafa frá niðurstöðum kosninganna.

Í forsetakosningunum 9. nóvember síðastliðinn tryggði Trump sér atkvæði 306 kjörmanna, en Hillary Clinton hlaut 232 kjörmenn í sinn hlut.

Strangt til tekið bar kjörmönnum engin skylda til þess að fara eftir úrslitum nóvemberkosninganna, að minnsta kosti ekki samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna, þótt sum ríkjanna hafi að vísu sett lög um að kjörmenn eigi að hlíta niðurstöðu kosninganna.

538

kjörmenn greiddu atkvæði í gær, hver í sínu ríki Bandaríkjanna, og atkvæðin verða síðan send til talningar í Washington.

Þótt talað sé um kjörmannasamkomu þá fer hún ekki fram þannig að allir kjörmennirnir 538 hittist á einum stað heldur koma þeir saman í smærri hópum í höfuðborgum hinna 50 ríkja Bandaríkjanna, sums staðar eru þeir aðeins þrír en annars staðar nokkrir tugir.

Atkvæði þeirra eru síðan send til Washington, þar sem báðar deildir þjóðþingsins koma saman til að telja þau. Reglurnar um þetta voru settar í lok átjándu aldar þegar sam-

göngur voru ekki jafn greiðar og nú, þannig að talningin verður ekki fyrr en 6. janúar.

Jafnvel þá geta þingmenn krafist þess að atkvæði einstakra kjörmanna verði ekki tekin gild. Þingið sker þar úr, en þá fyrst má segja að forsetakjörið sé afstaðið þegar þingið er búið að afgreiða atkvæði kjörmannasamkomunnar.

Fleira hefur verið reynt til þess að koma í veg fyrir að Trump hreppi forsetaembættið, annað en að skora á kjörmennina að hlaupast undan merkjum.

Þannig var þess krafist að atkvæði yrðu endurtalin í þremur ríkjum, Wisconsin, Pennsylvaníu og Michigan, vegna gruns um að átt hafi verið við rafrænar kosningar þar.

Fyrir viku lauk endurtalningu í Pennsylvaníu og Michigan án þess að það breytti neinu um niðurstöðuna. Hillary Clinton hefði þurft að vinna sigur í öllum þremur ríkjunum til að fella Trump.

gudsteinn@frettabladid.is



SÝSLUMAÐURINN

SÝSLUMAÐUR FLYTUR

Skrifstofu sýslumanns að Skógarhlíð 6, Reykjavík hefur nú verið lokað og starfsemin flyst alfarið að Hlíðasmára 1, Kópavogi.

Afgreiðsla fjölskyldusviðs verður lokað vegna flutninganna þriðjudaginn 20. desember og miðvikudaginn 21. desember en opnar að nýju í Hlíðasmára 1, fimmtudaginn 22. desember.

Dánarvottorð eru móttokin í Hlíðasmára 1 frá og með 20. desember.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu – Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur

Tjakkar á góðu verði



EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
38.900
með PU hjólum kr 39.900



Galvaniseraður tjakkur
77.990



Rafmagnstjakkur 1,5 tonn verð frá
345.900 m.vsk



reddot award 2016
winner



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Þúsundir fluttar frá Aleppo

SÝRLAND Þúsundir manna, þar á meðal tugir munaðarlausra barna, voru fluttar frá Aleppo í gær yfir til öruggari svæða.

Síðdegis í gær var talið að búið væri að flytja um 20 þúsund manna frá þeim litla hluta borgarinnar sem uppreisnarmenn höfðu enn á valdi sínu, eftir að hafa verið að mestu hraktir frá austurhluta borgarinnar.

Meðal þeirra sem komust í gær yfir til svæða uppreisnarmanna vestur af borginni er sjö ára stúlka, Bana Alabed, sem vakið hefur athygli fyrir Twitter-færslur sínar frá hinni stríðshrjáðu borg.

Móðir hennar, sem stofnaði Twitter-síðu þeirra í september, sagðist í myndbandsviðtali vera ánægð með að hún og fjölskylda hennar hafi komist með heilu og höldnu frá Aleppo, en jafnframt sé það leitt að þær hafi neyðst til að yfirgefa heimaborg sína: „Ég skildi sál mína eftir þar,“ sagði hún. – gb



Íbúar komnir frá Aleppo til héraðsins Khan al Assal þar sem uppreisnarmenn fara enn með yfirráðin. NORDICPHOTOS/AFP

JÓLA- OG ÚTSKRIFTARGJAFIR

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM

FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

15. desember - 24. desember

Úrval ferða-
fylgihluta frá
Go Travel með
25% afslætti



Sams^onite



Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.

Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest](#) og [Instagram](#)

A4

TÖFRAR JÓLANNA Í HÖLLINNI – FULL BÚÐ

OPNUNARTÍMI TIL JÓLA

20. desember 10⁰⁰–18⁰⁰ | 21. desember 10⁰⁰–22⁰⁰

22. desember 10⁰⁰–22⁰⁰ | 23. desember 10⁰⁰–22⁰⁰

Aðfangadagur 24. des. 10⁰⁰–13⁰⁰

Lokað á jóladag og annan í jólum



SÖDAHL

Jóladúkur, Winterland
Stærð: 150x220 cm
Fæst í fleiri stærðum

14.990 kr.



IITTALA ULTIMA THULE

Kertastjakar, 65 mm
glær / frost

2.890 / 4.890 kr. stk.



ALESSI Upptakarar

9.990 kr. stykkið



NIKE STYTSTA

Vængjaða gyðjan
Stærð: 19 cm

5.790 kr.



BODUM CAFFETTIERA

Pressukanna, svört, hvít, rauð
Átta bolla

11.990 kr.

JÓLAVERÐ 9.990 kr

ALESSI

Rifjarn

12.990 kr.



JÓLASKRAUT &
VALIN JÓLAVARA
40-60%
afsláttur

IITTALA FESTIVO

Kertastjakar
120 mm / 180 mm

5.890 / 7.290 kr.



BJÖRN WIINBLAD

Kertastjaki / Kanna
Margir litir

5.990 / 3.490 kr.



IITTALA KASTEHELM

Krukka með loki / kertastjaki
margar litir til

4.690 kr. / 2.290 kr.

BJÖRN WIINBLAD

Jólabolli / jólaskál
350 ml / 16 cm

3.490 / 4.490 kr. stk.



JD

Jólabollar í boxi
nokkrar gerðir

2.490 kr.



ULTIMA THULE

Kanna 150 cl.

17.290 kr.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

Þri. 20. des. 10–18 | 21.–23. des. 10–22
Aðfangadagur 24. des. 10–13
Lokað á jóladag og annan í jólum

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni
eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

AF FALLEGRI SMÁVÖRU OG HÚSGÖGNUM



PASADENA

Borðstofuborð 6-12 manna, spónlagt með villtri eik. Stærð 100 x 200 x 74 cm. Stækkanlegt í 300 cm með stækkunum sem fylgja.

289.990 kr. ~~339.990 kr.~~



OAKVILLE

Borðstofuborð úr hvíttaðri eða olúborinni eik. Stærð: 240 x 95 x 74 cm. Stækkanlegt í 340 cm með tveimur 50 cm stækkunum sem seldar eru sér.

Borð

319.990 kr.
~~379.990 kr.~~



50 cm stækkun

23.790 kr. ~~27.990 kr.~~



NEIL

Borðstofustóll, olúborin eik og svart leður.

54.990 kr. ~~64.990 kr.~~



MICHIGAN

Borðstofuborð úr hvíttaðri eða olúborinni gegnheilli eik og olúborinni hnotu. Stærð: 101 x 205 x 74 sm. Stækkanlegt í 361 cm með tveimur stækkunum sem fylgja.

Hvíttað eða olúb. eik

349.990 kr.
~~399.990 kr.~~



Olúborin hnota

299.990 kr.
~~349.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

139.990 kr.
~~179.990 kr.~~



EASY

Tveggja og þriggja sæta sófar. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

2ja sæta stærð: 170 x 95 x 85 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 205 x 95 x 85 cm

88.702 kr. ~~109.990 kr.~~



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

52 dagar



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Í dag eru 52 dagar frá alþingiskosningum og það er án nokkurs vafa stjórnarkreppa í landinu. Hins vegar geta falist tækifæri í stöðunni og það er hughreystandi fyrir kjósendur að flokkarnir hafi ekki sveigt frá grunnstefnu sinni í þeim tilgangi að komast í ríkisstjórn.

Á meðan stjórnarkreppa er í landinu situr starfsstjórnin áfram en hversu lengi? Dæmi eru um að starfsstjórnir hafi verið við stjórnvölinn mánuðum saman, einkum á fyrri hluta síðustu aldar. Litið hefur verið svo á að stada starfsstjórnar sé nokkuð önnur en reglu-legrar ríkisstjórnar enda lögmæti hennar annars eðlis en þegar stjórn hefur öruggan þingmeirihluta. Björg Thorarensen lagaprófessor segir í heildstæðu fræðiriti sínu á sviði stjórnskipunarréttar að „sterk rök þyrfti til að ráðherra í starfsstjórn hér á landi tæki óvenjulegar eða afdrifaríkar ákvarðanir“. Að mati Bjargar gæti slík stjórn þannig ekki bylt efnahagsstefnunni til lengri tíma eða kollvarpað stefnu íslenska ríkisins í mikilvægu utanríkismáli.

Bjarni Benediktsson, fyrrverandi forsætisráðherra og fræðimaður í stjórnskipunarrétti, taldi muninn á starfsstjórn og reglulegri ríkisstjórn „óljósan og litils virði“. Ólafur Jóhannesson taldi hins vegar að í ljósi stöðu starfsstjórna yrði þeim varla talið skylt eða heimilt að taka mikilvægar pólitískar ákvarðanir nema þær þyldu enga bið. Hann tók þingrof sem dæmi um ákvörðun sem gæti verið stjórnskipulega hæpin við þessar aðstæður nema þegar skylt væri að rjúfa þing vegna stjórnarskrárbreytinga.

Starfsstjórnin sem nú situr er í eðli sínu minnihlutastjórn því hún hefur ekki þingmeirihluta. Í raun hefur fátt gerst á þeim tveimur tæpu mánuðum sem liðnir eru frá kosningum og borgararnir hafa lítið sem ekkert fundið fyrir stjórnarkreppunni á eigin skinni. Ákveðin rósemd er í stjórnmalunum sem er ánægjuleg tilbreyting. Stjórnarkreppan hefur líka sáralítill áhrif á efnahagslífið. Í þessu sambandi má rifja upp að nýlega lauk 10 mánaða stjórnarkreppu á Spáni. Fyrir stjórnarkreppu og á meðan hún stóð yfir varð efnahagslegur viðsnúningur í landinu. Hagvöxtur þar var 3,2 prósent í fyrra og er spáð svipuðu í ár. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur þessa árs verði 4,8 prósent hér á landi.

Í dag hefur aðeins verið kosið í þrjár fastanefndir Alþingis og var það gert á grundvelli samkomulags forystumanna flokkanna. Vera kann að skortur á ríkisstjórn sem hefur meirihluta á Alþingi muni bæta þingstörfin og gera ríkari kröfur til þingmanna um vönduð vinnubrögð og samstarf ólíkra flokka. Á meðan situr starfsstjórn með takmarkað svigrúm. Hún þarf að haga sér eins og oliuskip sem fer hægt í beygjuna. Með vorinu kunna síðan traust bönd að skapast milli þingmanna og ný ríkisstjórn gæti tekið á sig mynd. Hægt væri að mynda hana um nokkur afmörkuð mál sem samstada er um enda engin regla til sem kveður á um að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar þurfi að ná yfir alla málaflokka. Ríkisstjórnarsamstarf sem væri sprottið úr góðri samvinnu ólíkra flokka væri skref í rétta átt.



Vera kann að skortur á ríkisstjórn sem hefur meirihluta á Alþingi muni bæta þingstörfin og gera ríkari kröfur til þingmanna um vönduð vinnubrögð og samstarf ólíkra flokka.

Halldór



Frá degi til dags

Þriforkurinn

Í þingflokki Samfylkingar eru þrír þingmenn eftir síðustu alþingiskosningum. Oddný Harðardóttir, þáverandi formaður, skýrði frá því eftir kosningar að smáð flokksins réttlætti ekki þátttöku í ríkisstjórn. Fljótlega steig hún til hliðar og Logi Einarsson tók við keflinu. Tvennar stjórnarmyndunarviðræður flokksins hafa siglt í strand og þær seinni með ásökunum á alla bóga. Sagan segir nú að klofningur sé kominn upp innan þingflokksins um hvort Samfylkingin eigi að fylgja Vinstri grænum að málum eða hinni fjálslyndu miðju. Það fylgir þó ekki sögunni hvort þingflokkurinn sé tvíklöfningur, þríklöfningur eða klöfningur í herðar niður.

Buffið á Bessastöðum

Ný könnun Fréttablaðsins sýnir að 97 prósent Íslendinga eru ánægð með störf Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands. Mikið hefur mætt á forsetanum eftir kosningar en þrír formenn flokkanna sjö hafa fengið stjórnarmyndunarumboðið og skilað því. Í tvígang hefur forsetinn ákveðið að enginn fái umboðið. Í bland við alvarlegri tíðindi hefur mikið borið á fréttum af forsetanum alþýðlegum með forljótt buff en einnig að sækja pitsu fyrir fjölskylduna og í jólatrésleidangri. Forsetinn er auðmjúkur, segist enn vera að læra á starfið en þjóðin hefur talað og virðist líta svo á að Guðni sé fullskapaður í embættið. snaeros@frettabladid.is

Hvar er hugur þinn?



Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri Hjalparstarfs kirkjunnar

Ég er einn af þeim sem geta verið pínulítið utan við sig á stundum. Stundum segir konan mín við mig: „Bjarni ertu hérna? Halló!“ Þá er hugur minn einhvers staðar allt annars staðar og hún nær ekki sambandi þó að ég hafi jafnvel hummað við einhverju og þóst vera á staðnum.

Við erum mörg sem þurfum að vera duglegri við að vera þar sem við erum með fulla einbeitingu á stund og stað og þeim manneskjum sem maður er með þar og þá.

Saman í friði og sátt

En þrátt fyrir að þetta sé satt ætla ég samt að færa rök fyrir því að stundum megi maður vera með hugann annars staðar. Ekki sist núna þegar jólin eru að koma og við ætlum öll að njóta þess að vera til, vera saman í friði og sátt. Þá er hollt að vera með hugann líka annars staðar, til dæmis hjá þeim sem lifa ekki við frið og sátt, velsæld og velmegun eins og við flest.

Að leggja fram sinn skerf

Flóttamenn frá Sýrlandi í flóttamannabúðum í Jórdaníu eða flóttamenn frá Suður-Súdan í Úganda eða fólk í Jijiga-héraði í Eþíópíu þar sem úrkoma er af skornum skammti og vatn sömu-leiðis. Það má vera annars hugar og vera með hugann hjá þeim OG leggja fram sinn skerf til þess að þau hafi það betra.

Hagur náungans

Oft er það ákveðin sjálfægni sem gerir það að verkum að maður er annars hugar, upptekinn við eigin hag. Það er allavega skárri að vera annars hugar af því að maður er að hugsa um hag náungans.

Jólasöfnun Hjalparstarfs kirkjunnar er í fullum gangi. Vertu annars hugar og taktu þátt. Þá getur þú svarað: „Já, elskan, ég er hér, ég var bara að hugsa um náunga minn, en nú ætla ég að horfa í augun á þér öll jólin.“



Jólasöfnun Hjalparstarfs kirkjunnar er í fullum gangi. Vertu annars hugar og taktu þátt.

Sú **níunda** finnst við **Frikirkjuveg** svo fallega appelsín-rauð. Þar geyminum hleðsluna gef oftast ég og gæsunum dálítið brauð.



Við Frikirkjuveg er ein af 13 hraðhleðslustöðvum ON.

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR



Ferðaþjónustan er vannýtt auðlind



Grímur Sæmundsen
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar



Í kjölfar lækkunar stýrivaxta steig Már Guðmundsson seðlabankastjóri fram og fjallaði (loksins!) um ferðaþjónustuna – stærstu útflutningsatvinnugreinina, en þá til að kenna henni um það sem miður hefur farið við stjórn efnahagsmála í landinu.

Ferðaþjónustan hefur gert það að verkum að þjóðarskútan hefur siglt úr ölduróti hrunsins, skapað störfín sem glötudust og hjálpað til við að greiða skuldirnar sem urðu til. Erlendir gestir sem sækja landið okkar heim í tugþúsundavís í hverjum mánuði hafa skilað miklum efnahagslegum ávinningi. Nú er svo komið að hlutdeild ferðaþjónustunnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er um 10% og hefur greinin haldið uppi hagvexti þjóðarinnar undanfarin ár.

Óhætt er að segja að vel hafi gengið í ferðaþjónustunni að undanförunu en viðvörunarljós blikka nú í mælaborðinu þar sem gengi íslensku krónunnar hefur styrkst um tæp 16% frá áramótum ásamt því að laun hafa hækkað um 10%.

Svört mynd dregin upp

Jákvæðar fréttir bárust úr Seðlabanka Íslands í síðustu viku þegar stýrivextir lækkuðu um 0,25% – í fyrsta sinn um margna mánaða skeið. Í kjölfar lækkunar stýrivaxta steig Már Guðmundsson seðlabankastjóri fram og fjallaði (loksins!) um ferðaþjónustuna – stærstu útflutningsatvinnugreinina, en þá til að kenna henni um það sem miður hefur farið við stjórn efnahagsmála í landinu. Hátt gengi íslensku krónunnar væri á ábyrgð ferðaþjónustunnar og hingað streymdi allt af mikið af ferðamönnum. Núna væri komið gott og mátti ekki skilja seðlabankastjóra öðruvísi en takmarka ætti flugferðir með ferðamenn til landsins.

Fast á hæla seðlabankastjóra kom Þórolfur Matthíasson hagfræðiprófessor og kvað jafnvel enn fastar að orði. Ferðaþjónustan væri ofnýtt auðlind og nú skyldi skattleggja ferðaþjónustuna í drep með komugjöldum, gistináttaskatti og færa alla greinina upp í efsta þrep virðisaukaskatts. Þannig myndi ferðaþjónustunni ekki takast að eyðileggja rekstrargrunn annarra útflutningsatvinnugreina. Mátti helst skilja prófessorinn með þeim hætti að kippa ætti fótunum undan rekstrargrunni ferðaþjónustunnar til að varðveita rekstrargrunn annarra útflutningsatvinnugreina.

Vítahringurinn rofinn

Hvað gengur þessum ágætum mönnum til? Talað er um ferðaþjónustuna, sem hefur öðrum fremur bjargað efnahag þessarar þjóðar eftir hrún, eins og hún sé til vandræða.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa glímt við það undanfarin misseri að gera ráðamönnum þjóðarinnar grein fyrir því að uppgangur ferðaþjónustunnar sé ekki bóla eða síldarævintýri, en eins og oft áður í okkar samfélagi fer umræðan úr ökkla í eyra. Loksins þegar menn virðast vera að átta sig á þessari

staðreynd verður þetta einstaka tækifæri að vandamáli!

Íslensk ferðaþjónusta hefur haldið uppi kaupmætti í landinu undanfarin misseri og með gríðarlegum gjaldeyriskjörum hefur tekist að rjúfa vítahring sem hefur verið við lýði hér á landi um áratugaskeið með tilheyrandi verðbólgu. Þrátt fyrir neikvæðan vöruskiptajöfnuð, sem stefnir í að verði rúmlega 100 milljarðar á þessu ári, hefur gengi krónunnar haldið áfram að styrkjast gagnvart erlendum gjaldmiðlum vegna þess mikla jákvæða þjónustujafnaðar sem greinin skapar. Þannig hefur ferðaþjónustunni tekist að vernda kaupmátt heimila í landinu. Það munar um minna!

Ferðaþjónustan sé tekin með í reikninginn

Það er löngu kominn tími til að ferðaþjónustan sem alvöru atvinnugrein sé tekin með í reikninginn og greininni búið hagfelldara rekstrarmhverfi í stað þess að finna henni allt til foráttu. Taka þarf fastar á því að lækka stýrivexti þannig að fyrirtæki hér á landi búi við svipað rekstrarmhverfi og í nágrennalöndunum og stíga þarf markvissari og ákveðnari skref til aflettingar gjaldeyrishafta. Í því efni blasir við að stuðla hraðar að því að lífeyrisjóðir landsins flytji innlendir peningaeignir í erlendar með áhættudreifingu til langs tíma að leiðarljósi. Þetta býr til mótvægi við hið mikla gjaldeyrissinnflæði, sem ferðaþjónustan og aðrar útflutningsgreinar skapa og mun þannig vinna gegn frekari styrkingu íslensku krónunnar og stuðla að meira jafnvægi í gjaldeyrismálum þjóðarinnar.

Stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri

Hagstjórnarlausnin felst ekki í því að hækka skatta og gjöld á ferðaþjónustu – ganga í skrokk á mjólkurkúnni.

Við stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri til að byggja upp í stað þess að rífa niður. Ísland verður að vera samkeppnishæft við þær þjóðir sem við berum okkur saman við og hér á landi verður að ríkja hagstjórn sem tekur mið af þörfum útflutningsatvinnugreinanna. Við sem störfum í ferðaþjónustu verðum að hafa fagmennsku og gæði að leiðarljósi í öllum okkar aðgerðum og að því vinnum við nú alla daga. Ferðaþjónustan er vannýtt auðlind, en við Íslendingar verðum okkar eigin gæfu smiðir við nýtingu hennar.

TILBOÐ

FRAMLENGHT TIL 31. DESEMBER

365 | Apple TV

Útgáfa 2.0
Íslensk valmynd
og tímaflakk.



Tilboð gildir til 31. desember

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

APPLE TV 4 Á 0 KR.

Í þrjátíu ár höfum við verið í fararbroddi við að færa þér gæðaeigni með nýjustu tækni. Árið 1986 biðu tilvonandi áskrifendur okkar í röðum eftir myndlyklum þegar fyrsti myndlykillinn kom til Íslands. Frá þeim tíma hefur hvergi verið hnikað og hver tæknibreytingin tekið við af annarri. Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njóttir skemmtunarinnar á sem bestan hátt og stígum nú enn eitt skrefið og kynnum **365 sjónvarp á Apple TV**. Meiri hraði, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum þökkum 365.

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpsþökkum 365 til **31. desember 2016**.

EPLI VALITOR
Í samstarfi við Epli og Valitor



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **365.IS**

365

HÖRKUTÓL SEM ENDAST



RAM



RAM
3500

Verð frá
6.282.258 kr. án vsk.
7.790.000 kr. m. vsk.

RAM
3500

Öflugasti pallbíllinn í sínum stærðarflokki. Með hinni mögnuðu og aflmiklu 6.7 lítra Cummins vél. 6 þrepa sjálfskipting, 385 hestöfl og togar allt að 1220 Nm.



RAM
1500

Laramie verð frá
9.890.000 kr.

RAM
1500

Einn sá allra flottasti. Hægt er að fá þá með hinni margverðlaunuðu V6 3.0 lítra EcoDiesel vél sem er 240 hestöfl og togar allt að 568 Nm, eða hinni mögnuðu HEMI 5.7 V8 bensínvél sem er 385 hestöfl og 555 Nm tog. 8 þrepa sjálfskipting.

DODGE
DURANGO

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, 8 þrepa sjálfskiptur, 20" álfelgur, fjarstart, lykillaust aðengi, Alpine hljómflytningstæki, leðurinnrétting, Bluetooth handfrjáls búnaður, upphituð fram- og aftursæti, Blu-ray DVD kerfi með tveimur skjám og þráðlausum heyrnatólum, minni í bílstjórásæti, útvarpi og speglum, rafdrifin sóllúga ofl.



DODGE
DURANGO

Verð: **9.990.000 kr.**
Verð með 33"breytingu:
10.370.000 kr.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Íslensk-Bandaríska ehf. umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi
Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
Ópið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15 - www.isband.is



✚
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Haraldur G. Eyjólfsson
áður Fornastekki 5,

lést miðvikudaginn 14. desember
á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Jarðsungið verður frá Breiðholtskirkju
föstudaginn 30. desember kl. 15.00.

Óskar Smári Haraldsson Una Sigurlína Rögvaldsdóttir
Örn Helgi Haraldsson Ása Porkelsdóttir
Einar Birgir Haraldsson Sigrún Árnadóttir
Kristín Huld Haraldsdóttir Hallgrímur Vignir Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Bryndís Sigurðardóttir
til heimilis að Klukkubergi 9,
Hafnarfirði,

fædd 16. júlí 1929,
lést 10. desember. Útförin verður gerð
frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn
21. desember kl. 15.00.

Smári Eiríksson, Tinna Smáradóttir, Brynja Jónsdóttir,
Kolfinna Ósk Andradóttir og Birna Lisa Jensdóttir



✚
Af kærleika þökkum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
ómetanlega hjálp við andlát og útför
**Guðmundar
Ingimundarsonar**
Furugrund 28.

Samúð ykkar og hjálpssemi hafa hughreyst
okkur á þessum erfiðu tímum.

Rósa Einarsdóttir

Einar Þór Guðmundsson Landysh Gilfanova
Ingimundur K. Guðmundsson Steindór Aðalsteinsson
Kristín Guðmundsdóttir Adelya Gilfanova
Rakel Rósa Ingimundardóttir Telma Steindórsdóttir
Diljá Lif Ingimundardóttir Embla Steindórsdóttir, Dagur Steindórsson,
Óðinn Einarsson



✚
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi, langafi og vinur,
Jón Ólafur Kjartansson
Ásavegi 12, Vestmannaeyjum,

lést 13. desember síðastliðinn.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Einar Gyfi Jónsson Ingibjörg Pétursdóttir
Kjartan Jónsson Regina Eiríksdóttir
Helga Jónsdóttir Arnór Hermannsson
Ástþór Jónsson Ágústa Hafsteinsdóttir
Heimir Jónsson Anna María Ólafsdóttir
Jóhanna Ýr Jónsdóttir Halldór Hrafn Gíslason
Þórey Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Ásloaug Valdimarsdóttir
frá Hellissandi,
til heimilis að Skúlagötu 20,

lést laugardaginn 17. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Brynjar Þór Jakobsson Kolbrún Þorláksdóttir
Svanfríður Elin Jakobsdóttir Björgvin Þórðarson
barnabörn og langömmubörn.



✚
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Reynir Jósefsson
Miðengi, Grímsnesi,
áður til heimilis að
Langagerði 126, Reykjavík,

lést föstudaginn 16. desember. Útförin fer fram frá
Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 13.00.

Ingibjörg Harðardóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Elskulegur faðir okkar,
Ásgeir Magnússon
Bústaðavegi 97,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum, fimmtudaginn
15. desember. Hann verður jarðsungið frá
Grafarvogskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00.

Guðmundur Ásgeirsson Erna Reynisdóttir
Hörður Ásgeirsson Lene Drejer Klith
Lóa Ásgeirsdóttir Helge Stensland
Magnús Ingi Ásgeirsson I. Margrét Baldursdóttir
Ingólfur Ásgeirsson Unnur Sigurbjörg Eysteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Skarphéðinn Ölver
Jóhannesson**
(Ölli)

lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar, þriðjudaginn
13. desember sl. Jarðsungið verður frá Patreksfjarðar-
kirkju, kl. 14.00 laugardaginn 7. janúar nk.

Guðbergur Pétursson Hjördis G. Ólafsdóttir
Kristján Skarphéðinsson Kristín J. Björnsdóttir
Svanhildur Skarphéðinsdóttir Jón Kr. Hilmarsson
Einar V. Skarphéðinsson Helga Gísladóttir
Sandra Skarphéðinsdóttir Eiríkur Þórðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkæri eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Hannes E. Aðalbjörnsson
síðast til heimilis að
Heiðarlundi 9, Garðabæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Landspítalanum 14. desember síðastliðinn.

Guðrún Árnadóttir
Árni Hannesson Anna María Emilsdóttir
Sveinbjörn Hannesson Svandís Dagbjartsdóttir
Björn Þór Hannesson
Kristín Halla Hannesdóttir Árni Jón Eggertsson
barnabörn.



✚
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
María K. Haraldsdóttir
áður búsett í Bolungarvík,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
sunnudaginn 18. desember.
Jarðarförin auglýst síðar.

Einar K. Guðfinnsson Sigrún J. Þórisdóttir
Haraldur Guðfinnsson Anna Rós Bergsdóttir
Guðrún Kristín Guðfinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Stefán Sigurkarlsson
lyfjafræðingur og fyrrverandi
apótekari,

lést 17. desember á hjúkrunarheimilinu
Sóltúni. Útförin fer fram í Digraneskirkju,
miðvikudaginn 28. desember kl. 13.00.

Anna Guðleifsdóttir
Sigurkarl Stefánsson Olga Lisa Garðarsdóttir
Sigurborg Stefánsdóttir Mekkinó Björnsson
Anna Kristín Stefánsdóttir Sigurður Erlingsson
barnabörn og barnabarnabarn.



✚
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Bjarni Jörgenson Einarsson
vélvirki,
Sléttuvegi 29,

lést á Borgarspítalanum 14. desember
síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Bústaðakirkju 21. desember kl. 13.00. Blóm og kransar
afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á
Alzheimersamtökin.

Sesselja J. Guðmundsdóttir
Jóna Sigríður Bjarnadóttir
Jón Ingi Ólafsson
María Bjarnadóttir
Hjörtur Gíslason
Einar Bjarnason
Helga Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Okkar ástkæra og yndislega móðir,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,
**Elísabet Guðrún
Brynjólfssdóttir**
Hraunvangi 1, Hafnarfirði,
áður að Austurbrún 29,

andaðist þann 10. desember sl. á Landspítalanum
í Fossvogi. Útförin verður gerð frá Víðistaðakirkju
miðvikudaginn 21. desember kl. 15.00.

Börn, tengdabörn og aðrir aðstandendur.




✚
Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Tómas Ó. Tómasson
lést á Hrafnistu 15. desember.
Útförin fer fram frá Hjallakirkju,
Kópavogi, miðvikudaginn 21. desember
klukkan 15.00.

Ragnar Tómasson Sigurveig Björnsdóttir
Ólafur Ingi Tómasson Anna Pálsdóttir
Unnur Ósk Tómasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hring-
ja í síma 512 5000.

Mærgætt, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

SLAKAÐU Á UM JÓLIN

Artasan kynnis Magnesíumolíurnar og baðflögurnar frá Better You hafa reynst mörgum ótrúlega vel til þess að ná betri slökun, lina þreytuverki, krampa, harðsperrur, strengi og stífleika í vöðvum. Óli Boggi hefur m.a. öðlast betri svefn.

UPPTAKA GEGNUM HÚÐ

Magnesíum er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva, beina, vökvajafnvægis og til stjórnunar á tauga- og vöðvasamdrætti. Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan segir að upptaka á þessu steinefni hafi reynst einstaklega vel bæði með því að sprejja því beint á húðina eða fara í magnesíumbað.

MARGA SKORTIR MAGNESÍUM

„Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Talið er að um 80% Bandaríkjamanna líði skort en rætur þess má rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja, mikillar koffínneyslu og næringarsnauds jarðvegs sem nýttur er til ræktunar matvæla. Einnig skolest steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að við þurfum að passa að bæta okkur það upp ef við æfum mikið og/eða svitnum,“ segir Hrönn.

EINKENNI HUGSANLEGS MAGNESÍUMSKORTS:

- Lélegur nætursvefn/svefnmynstur
- Sinadráttur
- Óþægindi í liðum og stíðleiki
- Auknir tíðarverkir
- Erfiðleikar með einbeitingu
- Höfuðverkir og mígreni
- Vandamál tengd öndunarvegi (þ.m.t. astmi)
- Húðvandamál (þurrkur og exem)
- Orkuleysi
- Streita og kvíði
- Vefjagigt (einkenni versna) og síþreyta

VAR SVEFNLAUS VEGNA FÓTAPIRRINGS

Ólafur Borgar Heiðarsson hár-



Magnesíum er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsuna.

snyrtir, sem flestir þekkja sem Óla Bogga, er orðinn mikill aðdáandi Magnesíum Good Night olíunnar en hann, eins og flestir í hans starfsstétt, þarf að standa allan liðlangan daginn og oft er vinnudagurinn langur. „Ég hef lengi vel verið í vandræðum með að sofna á kvöldin vegna mikils þirringis í fótunum. Oft var ég ekki að ná að sofna fyrr en um miðja nótt og því illa sofinn þegar ég kom til vinnu næsta dag. Eftir að ég prófaði Magnesíum Good Night sprejið varð ekki aftur snúið því þetta var töfrum líkast. Fótapirringurinn hvarf nánast strax eftir að ég úðaði á mig og ég fór að sofa alla nóttina og vakna úthvöldur.“



Magnesíum í baðið það er fátt meira slakandi en heitt og gott bað. Magnesíum flögur í baðvatnið gætu svo hugsanlega fullkomnað það. Flögurnar innihalda hreinasta náttúrulega magnesíum sem völ er á en það er unnið úr meira en 250 milljón ára jarðlögum þar sem það hefur varðveist, laust við alla mengunarvalda.

“Fótapirringurinn hvarf nánast strax eftir að ég úðaði á mig olíunni og ég fór að sofa alla nóttina og vakna úthvöldur.

Óli Boggi hárgreiðslumeistari



» Hægt er að sprejja olíunni beint á húðina.

ÚTSÖLUSTAÐIR Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

Erfitt að sofna?

NÝTT
BÆTIEFNI
FYRIR
SVEFN



LUNAMINO

INNIHALDSEFNI:

- L-tryptófan
- Sítrónumelissa
- Lindarblóm
- Hafrar
- B-vítamín
- Magnesíum

Melatónín er myndað úr tryptófani

SÖLUSTAÐIR: FLEST APÓTEK OG HEILSUBÚÐIR

VEGG
ÍSLENSKIR VEGGLÍMMIDAR
OG GLUGGAMYNDIR

Tíminn er eins og...

Desember	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	

Þannig týnist tíminn...

Veiting	Þri	Mið	Fim	Fis	Lau	Sun
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000
Veiting	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000

VEGG býður upp á fallett úrval vandaðra vegglímmiða og gluggamynda. Íslensk hönnun og framleiðsla.

Finndu okkur á www.vegg.is og í Jöklu, Laugavegi 86-94 – við sendum FRÍTT um allt land!



Desember, með tilheyrandi jólakvíða, getur verið erfiður tími fyrir ýmsa hópa í samfélaginu. NORDICPHOTOS/GETTY

**ÚTSALAN
HEFST Í DAG**

BASLER BRAX

f ParisarTizkan
SKIPHOLTI 29B

ÞARF AÐ STILLA KRÖFUNUM Í HÓF

Jólin og aðdragandi þeirra geta verið erfiður tíma fyrir fjölmarga. Þar spila m.a. inn í miklar kröfur, peningaleysi og breytt fjölskyldumynstur eftir skilnað eða dauðsfall. Mikilvægt er að stilla kröfunum í hóf.

Desembermánuður með tilheyrandi jólakvíða getur verið erfiður tími fyrir ýmsa hópa í samfélaginu og spila margar ástæður þar inn í. Engin ein formleg skýring er á jólakvíða í kringum jólahátíðina enda geta fjölbreyttar ástæður legið þar að baki að sögn Tinnu Þorsteinsdóttur, sálfræðings við Kvíðameðferðarstöðina. „Sumir gera gífurlegar kröfur um hvernig jólin eigi að vera og því má oft lítið út af bera. Allt á að vera tandurhreint og baka á minnst sautján sortir af smákökum. Oft fylgja mikil aukaútgjöld þessum árstíma og það getur eðlilega verið mjög kvíðavekjandi fyrir suma.“

Jólin eru gjarnan tími sem við eyðum með fjölskyldunni og það getur skapað kvíða hjá mörgum segir Tinna. „Fyrir viknið getur því kvíði komið upp t.d. í tengslum við ástvini sem við höfum misst, breytt fjölskyldumynstur vegna hjónaskilnaðar og erfið samskipti við fjölskyldumeðlimi. Aukin áfengisnotkun getur oft verið kvíðvænlegur þáttur fyrir bæði börn og fulloröna.“

HLUTI AF STÆRRI VANDA

Oft er þó aukinn kvíði á þessum árstíma hluti af stærri kvíðavanda, t.d. hjá þeim sem eru með almenna kvíðaröskun. „Almenn kvíðaröskun er þegar fólk á við mikinn áhyggjuvanda að stríða. Áhyggjur eru næstum daglega, bæði af stórum og litlum hlutum, þær eru yfirdrifnar og fólk reynist erfitt að losna við þær. Fólk



Tinna Þorsteinsdóttir er sálfræðingur við Kvíðameðferðarstöðina.

óánægð með jólahéðirnar má breyta þeim og skapa nýjar.“

Ef jólahéðin er hluti af stærri vanda ber að leita faglegrar aðstoðar enda mikilvægt að hlúa að andlegri heilsu líkt og líkamlegri. „Alveg eins og ef þú fengir verk í hnéð í hvert skipti sem þú færir í göngutúr þá myndir þú leita til læknis. Að sama skapi er nauðsynlegt að leita faglegrar aðstoðar ef álagstímar eins og jólahátíðin eru að valda mikilli og endurtekinni vanlíðan. Ég veit ekki til þess að jólahátíð sé algengari hér á landi en annars staðar. En það má leidda líkur að því að þar sem gert er meira úr jólahaldi í samfélaginu og í fjölmiðlum, þar ýtist undir frekari væntingar sem skapa meiri kvíða í kjölfarið.“

VAR VANAFÖST

Sjálf er Tinna með allar kröfur í algjöru lágmarki þessi jólin en hún var ekki alltaf þannig að eigin sögn. „Ég viðurkenni að gera og í hvernig stuði ég er í. Ef ég vil baka sautján smákökusortir þá geri ég það af því að ég hef tíma til þess og nýt þess. Annars kaupi ég þær bara tilbúnar og smelli í fagur-skreytt kökubox og borða uppi í sófa í náttfötunum með fjölskyldunni og nýt þess að horfa á einhverja jólamynd og slaka á.“

TILBOÐ!
11.990,-
gegn 12 mánaða bindingu.
-sparaðu 36.000,-

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS

DRÖGUM ÚR JÓLAHAPPDRÆTTINU Á ÞORLÁKSMESSU!

meðal vinninga eru:

- Gjafabréf frá Fosshótel
- Flug fyrir 2 með WOW air
- Gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- Súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirberg

Stærðir
36-56

JÓLATILBOÐ - 20-70% AFSLÁTTUR

af völdum nýjum vörum - Opið til kl 22.00

ZIK
TÍSKUHÚS



BÆTIÐ KANIL VIÐ

Það getur verið hátíðlegt og skemmtilegt að bæta kanil út í mat. Súpur, pönnukökur og salöt verða þannig jólalegri og ekki skemmir fyrir að kanillinn er bæði hollur og góður.

Pönnukökur eru alltaf ljúffengar, hvað þá þessar sem eru með kanil og perum.



Það er tilvalið að gera sætkartöflu- og gulrótarsúpu með kanil einhvern daginn fyrir jólin.



Það kemur vel út að setja smávegis kanil-dressingu út á salatið.

NORDIC PHOTO/GETTY



FRÉTTABLAÐIÐ

HEILSA

Föstudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu. Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.

Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum. Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Skilafrestur. Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember. Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi þriðjudaginn 27. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 512 5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími 512 5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími 512 5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími 512 5433
olafurh@365.is

Flest okkar tengja ákveðnar bragðtegundir við jólin og desembermánuð frekar en aðra mánuði og allir vita hvað það þýðir þegar einhver segir að það sé „jólalegt bragð“ af því sem viðkomandi leggur sér til munns. Piparköku-, múskat- og piparmyntubragð eru áberandi á þessum tíma auk kanilsins að sjálf-sögðu sem auk þess að vera góður á bragðið er góður kostur fyrir heilsuna. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem skýrt hefur verið frá í greinum sem birst hafa á vef National Center for Biotechnology Information getur neysla kanils haft ýmis áhrif, hann er meðal annars sagður vera bólgueyðandi og bakteríudrepandi og minnka líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini auk þess að hafa jákvæð áhrif gegn taugasjúkdómum eins og Parkinson og Alzheimer.

Það ætti því að nota kanil sem mest og ekki takmarka notkun hans í matargerð við eftirrætti. Kanill gæti verið það krydd sem hægt er að nota á sem fjölbreyttastan máta af þeim sem finna má í hinni almennu kryddhillu. Hér eru nokkrar tillögur að því hvernig má nota kanil í mismunandi réttum.

KANILSÆTKARTÖFLU- OG GULRÓTARSÚPA

2 bollar saxaðar sætar kartöflur
2 bollar saxaðar gulrætur
1½ bolli heitt vatn
½ bolli saxaður laukur
¼ bolli kókosolía
1 tsk. kanill
¼ tsk. mulinn negull
¼ tsk. múskat
¼ tsk. allspice-krydd

Gufusjóðið sætar kartöflur og gulrætur. Setjið í blandara ásamt vatni og blandið vel. Bætið við lauk, kókosolíu og kryddtegundum og blandið vel. Hitið í potti á lágum hita og berið fram.

PERU- OG VALHNETUSALAT MEÐ SÍRÓPSKANILDRESSINGU

Sykurhúðaðar valhnetur:
½ bolli valhnetur
1 msk. hlýnsiróp

½ tsk. kanill Klípa af salti

Hitið ofninn í 180°C. Blandið sírópi og kanil við hneturnar. Dreifið úr þeim á ofnplötu og bakið í fimm mínútur. Takið út og látið kólna.

Dressing:

¼ bolli hlýnsiróp
¼ bolli eplaedik
¼ tsk. ólífúolía

Klípa af salti

Setjið öll hráefnin í krukku sem hægt er að loka. Setjið lokið á og hristið vel.

Salat:

8 stórar handfyllir af klettasalati
2 stórar perur

Þvoið perurnar og skerið þær langsum. Fjarlægjið kjarnann og skerið perurnar í langar, þunnar sneiðar. Setjið klettasalatið og perurnar í skál. Stráið hnetunum yfir þegar þær hafa kólnað og hellið dressingunni yfir salatið stuttu áður en það er borið fram.

PÖNNUKÖKUR MEÐ PERUM OG KANIL

1 bolli mulið haframjöl (vinnið haframjöl í matvinnsluvél þar til það er orðið að dufti)
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. kanill
¼ tsk. engifer
1 klípa sjávarsalt
1 bolli möndlumjólk
1 tsk. vanilludropar
2 msk. hlýnsiróp
½ pera, rifin

Hitið pönnu á miðlungshita. Blandið öllum þurrefnum saman í skál. Bætið möndlumjólki, vanilludropum og sírópi við á meðan hrært er í deiginu þar til engir kekkir eru eftir. Bætið þá perunni við. Setjið um fjórðung úr bolla af deigi á pönnuna og steikið þar til loftbólur fara að myndast í deiginu, snúði þá pönnukökunni við. Endurtakið þar til allt deigið er búið. Berið fram með til dæmis sírópi, ávöxtum og/eða pekanhnetum.

Gefðu veiðimanninum gjöf sem nýttist.




Loop Primaloft Jakkar
Verð 35.900 kr.



Patagonia Vöðlujakkar
Verð frá 34.900 kr.



Patagonia Nano Puff
Verð 29.900 kr.



Einarsson
Íslensk fluguveiðihjól.
Verð frá 66.500 kr.



Korkers Vöðluskór
Með útskiptanlegum sólum.
Verð frá 36.900 kr.



Loop Fluguveiðihjól
Áreiðanleg og endingargóð.
Verð frá 15.900 kr.



Loop Undirfatnaður
Verð frá 9.900 kr.



Loop Hettubolur
Verð 13.990 kr.



Loop Ullarsokkar
Verð frá 3.790 kr.



Fluguveiðistangir
frá Loop, Guideline og Echo.
Verð frá 19.900 kr.

Mikið úrval af
töskum í veiðina
Verð frá 8.900 kr.



Opið til kl. 21:00 öll kvöld
fram til jóla.

Veiðiflugur - sérverslun fluguveiðimannsins
Langholtsvegi 111
s: 527-1060


Veiðiflugur
FISHINGFLIES



» Orðið baguette varð ekki til fyrr en árið 1920.



Ciabatta var fundið upp af ítalska bakaranum Francesco Favaron frá Veróna.

HINAR ÓLÍKU BRAUÐTEGUNDIR

Úrval af brauði í heiminum er nánast endalaust. Hvert land hefur sína sérstöðu og hefðir þegar kemur að brauðbakstri. Hér eru nokkrar brauðtegundir sem Íslendingar kannast við.

BAGUETTE

Hið langa og mjóa baguette-brauð er eitt af einkennismerkjum Frakklands en brauðin eru þó bökuð um allan heim í ýmsum útgáfum. Orðið baguette varð raunar ekki til fyrr en árið 1920 en þó er vitað til að slík brauð voru til löngu fyrir þann tíma. Samkvæmt franskri hefð mega baguette-brauð aðeins innihalda fjögur hráefni; hveiti, vatn, ger og salt. Þá á baguette að vera um 5-6 cm breitt, 3-4 cm þykkt og um 65 cm

langt. Slíkt brauð vegur um 250 g. Til er kenning um tilurð baguette frá 1920. Sagan segir að þá hafi verið komnir í notkun sérstakir ofnar sem gáfu brauðum góða skorpu en yfir langan tíma. Ný lög kváðu þó á um að bakarar mættu ekki byrja að vinna fyrir klukkan fjögur og því gafst ekki tími til að baka hefðbundin hringlaga brauð. Því átti að hafa verið brugðið á það ráð að baka brauðlengjur, sem sé baguette.

» Hrökkbrauð er upprunnið á Norðurlöndum.



HRÖKKBRAUÐ

Hrökkbrauð er þunnt, stökkt og gerlaust brauð sem er upprunnið á Norðurlöndum. Hrökkbrauð var um tíma álitnið fátækramanna-fæði. Kostir þess þóttu að það hélst ferskt í langan tíma.

Hrökkbrauð er oftast úr rúgmjöli og vatni og bakað á plötu.

Upprunalega var hrökkbrauð úr rúgmjöli eingöngu, en núorðið er hveiti stundum blandað saman við.

Hrökkbrauð hefur verið bakað í Svíþjóð síðan árið 500. Það var bakað í hringlaga formi með gati í miðjunni svo hægt væri að hengja það á búslár. Mikil hefð er

fyrir hrökkbrauði bæði í Svíþjóð og Finnlandi. Fyrr á tímum var hrökkbrauð bakað tvisvar á ári, eftir uppskeru og á vorin þegar ísa leysti af ám. Fyrsta hrökkbrauðsfyrirtæki Svía, AU Bergmans-enka, byrjaði framleiðslu í Stokk-hólmi árið 1850.

CINZIA ROCCA
Hágæða ítalskar ullarkápur

Klassískur einfaldleiki



Skoðið laxdal.is



Laugavegi 63 • S: 551 4422



BRIOCHE

Brioche-brauðin byggja á um 600 ára gamalli franskri hefð í bakstri og eru dúnmjúk. Deigið í brioche-brauði er ríkt af eggjum. Það er látið hefast vel og verður loftkenndara en annað deig.

Brioche er talið til sætabrauðs og er stundum ávöxtum eða súkkulaði blandað saman við deigið.

Orðið brioche birtist fyrst á prenti árið 1404 og sumir segja það af rúmenskum uppruna vegna líkinda við rúmenska brauðið saralie.



FOCACCIA

Focaccia er ofnbakað ítalskt brauð en áferð þess er lík pitsubotni. Focaccia með ólífuolíu, salti og rósmaríni er ein þekktasta útfærsla á focaccia en til eru margar ólíkar. Til dæmis er hefð fyrir því að setja ofan á brauðið ýmsar tegundir af harðgerðum kryddjurtum, ólífur, tómata, lauk og stundum ost, grænmeti og kjötálegg. Focaccia er oft borðað sem meðlæti eða eitt sér.

Deigið líkist pitsudeigi úr hveiti, olfu, vatni, salti og geri. Það er rúllað út í þykkann botn, oftast eru sett göt á deigið með hníf til að koma í veg fyrir loftbólur en einnig er hefð fyrir því að gera í það dældir.

Uppruna focaccia má finna við norðurstrendur Miðjarðarhafsins. Upphaflega var það bakað yfir eldi líkt og flatbrauð.



SÚRDEIGSBRAUÐ

Súrdeigsbrauð hafa átt auknum vinsældum að fagna á Íslandi undanfarin misseri. Súrdeigsbrauð er ein elsta tegund brauðs og á uppruna sinn að rekja til hins forna Egyptalands árið 1500 fyrir Krist. Nokkrar kenningar eru til um hvernig súrdeig uppgötvaðist en eins og með margt annað hefur það að öllum líkindum uppgötvast óvart þegar brauð eða deig hefur setið óværið og farið að gerjast. Þá voru bjórbruggsmiðjur og bakarí oft á sama stað í Egyptalandi til forna og úr hefur orðið tilraunastarfsemi sem þróaði súrdeigið áfram.

Súrdeig er búið til úr blöndu heits vatns og hveitis, sem inniheldur mjólkursýrugerla og gergró, sem gerja sykurlaugar til hann breytist í alkóhól og kolsýru. Mjólkursýran gefur brauðinu súrt bragð.



CAT S60



Innbyggð **FLIR**
hitamyndavél

109.900,-

 Pixel XL



129.900,-

 Pixel



109.900,-

Galaxy S7 edge



99.900,-

Galaxy S7



86.900,-

Galaxy S6 edge



79.900,-

Galaxy S6



66.900,-



Opið 10-21

emobi.is

Krókháls 5c – Sími 5469000

bara gott verð

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Verslun

HEILSA

Nudd



Tælskt heilsunudd Gjafabréf fyrir jóla og nýr 2 nuddtímar á 20% afslætti. Joomjan Mimos nuddstofu, Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

Slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. s. 8533059

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

HEIMILIÐ

Dýrahald



ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR
Dásamlegir íslenskir fjárhundshvolpar til sölu. Ættbók Hrfi og heilbrigðisvottorð. Sjá nánar <https://www.facebook.com/stokkseyrarselbreeding/>. Sími 5668778

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu ný uppgerð 2 herb. 82fm kjallaraib. í Mávahlíð. Laus frá 1. jan. Uppl. í s. 8964841 eða á sigbjar@ismennt.is

Herbergi til leigu fyrir konu í Rimahverfi með aðgangi að öllu. S: 6504844

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.S

Parftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólátillboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS


SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 6633239



til leigu



Verslunarpláss við Laugaveg

Til Leigu nýtt og snyrtilegt ca 100 fm verslunarpláss neðarlega við Laugaveg. Er laust um áramót og leigist í 1 ár. Frábærlega staðsett og bíður upp á tækifæri fyrir þá sem vilja prófa að tappa inn á þennan markað.

Áhugasamir hafi samband í s 898-5698

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



fasteignir

byr
fasteignasala

Soffía Theodórsdóttir
Lögg. fasteignasali
gsm: 776 5800

Drífa Þrastardóttir
Lögg. fasteignasali
gsm: 663 8600

Austurmörk 4, Hveragerði • s. 483 5800 • byrfasteign.is

Spennandi tækifæri í Hveragerði

Frumskógar 3 Hveragerði

Einstakt tækifæri í Hveragerði.
Til sölu Frumskógar 3 í Hveragerði. Um er að ræða þrjú hús samtals 511 fm á lóð sem er 1.183,0 fm. Í dag er þar rekið gistihús, rúmgóðar íbúðir, björt herbergi og frábær útiástaða með heitum potti, gufubaði og útisturtu.

Eignin samanstendur af:
264,6 fm íbúðarhúsi/gistihúsi á tveimur hæðum og á neðri hæðinni er borðsalur fyrir gesti. 201,6 fm gistiheimili sem skiptist í 5 íbúðir, kjallari er undir húsinu (fm ekki skráðir). 44,7 fm gistiheimili, ein íbúð.

Nánari upplýsingar er að fá á skrifstofu Byr fasteignasölu og á byrfasteign.is

tilkynningar



Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

Skipulags og byggingarfulltrúi

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

Skeiðflöt - Deiliskipulag

Deiliskipulagið tekur til jarðarinnar Skeiðflöt í Mýrdal. Innan þess er gert ráð fyrir nýbyggingum vegna fjölgunar gistirýma, breytingu núverandi mannvirkja í þjónustu og gistirými og byggingu húsnæðis fyrir starfsmenn.

Tillaga þessar liggur frammi hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshreppi, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. frá 22. desember 2016 til og með 9. febrúar 2017. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 9.febrúar.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulags og byggingarfulltrúi
Mýrdalshrepp

Við Rofabæ - 110 Rvk.

Glæsileg 5 herbergja, 120 fm, björt og rúmgóð endaíbúð neðst við Rofabæ. Aukaherbergi með aðgang að salerni á jarðhæð. Tvennar svalir. Þjónusta og sundlaug í göngufæri. Vinsæl staðsetning á rólegum stað við Elliðaárdalinn.

Nánari upplýsingar: jjjj@simnet.is eða í síma: 868-3144.

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

Desjamýri - Mosfellsbær
Glæsileg 207 fm. iðnaðarbil með mikilli lofthæð




Mjög vönduð iðnaðarbil með innkeyrsluhurð á báðum hliðum sem gefur möguleika á gegnumakstri. Lofthæð 8,5m við mæni. Húsið reist úr forsteyptum einingum með límtréþaki. Skilast fullfrágangið með öryggisgirðingu og malbikaðri lóð.

Allar frekari upplýsingar veita Haukur Halldórsson Hdl/Igf. á eignir@domusnova.is S. 789-5560 og Agnar í s. 820-1002 eða agnar@domusnova.is

www.domusnova.is


Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Sunnan 8-15 og rigning með köflum, en heldur hvassari fyrripartinn. Hiti 1 til 7 stig. Gengur í norðanstorm með snjókomu á Vestfjörðum seinniþartinn, en vestanstorm eða -rok syðst á landinu undir kvöld. Kólnandi veður.

Miðvikudagur

Reykjavík ☀️ -1° ↑ 5	Ísafjörður ☁️ -8° ↗️ 4	Akureyri ☁️ -7° → 4
Egilsstaðir ☀️ -6° → 8	Kirkjubæjarkl. ☀️ -6° ↘️ 9	Hveravellir ☁️ -12° ↗️ 4

Fimmtudagur


Reykjavík ☁️ 1° ↗️ 7	Ísafjörður ☁️ -7° ↑ 5	Akureyri ☀️ -8° ↗️ 5
Egilsstaðir ☁️ -3° ↖️ 7	Kirkjubæjarkl. ☁️ -2° ↗️ 6	Hveravellir ☁️ -8° ↑ 9

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. sál
6. í röð
8. breið
9. yfirbreiðsla
11. ónefndur
12. hrekja
14. hroki
16. í röð
17. fugl
18. bókstafur
20. tveir eins
21. velta

- LÓÐRÉTT**
1. helminguð
3. átt
4. rafall
5. fag
7. ódæll
10. hugfólginn
13. mas
15. krakki
16. húðpoki
19. nudd



LAUSN

- LÁRÉTT: 2. andi, 6. áb, 8. víð, 9. lak, 11. nn, 12. fírema, 14. dramb, 16. hl, 17. fól, 18. enn, 20. n.
LÓÐRÉTT: 1. hálf, 3. n, 4. dínamór, 5. íón, 7. 21 snúa.

Skák Gunnar Björnsson

Anand (2.779) átti leik gegn Vachier-Lagrave (2.804) á London Chess Classic skákmótinu.

Hvítur á leik

33. Bxb7! 1-0. Eftir 33. ... Rxb7 34. a6 er svartur varnarlaus. Wesley So sigraði á mótinu. Caruana varð annars og Nakamura, Anand og Kramnik urðu í 3.-5. sæti. Frábær árangur bandarískra skákemma.
www.skak.is: Ítarfrétt um London-mótið.



Sudoku

LÉTT

						1	3	
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3		4	7		5	
			6					

MIDLUNGS

9								
2	8			1		7		
	6		9			3	1	
3	2				4			
5			7			2		
7	1							
			3	1			5	8
				9	7			4
			4	3	8		6	7

ÞUNG

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
5				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6	1						5	
	2	4	5				6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro →

6	7	1	4	8	2	5	9	3									
3	4	2	6	5	9	8	1	7									
5	8	9	7	1	3	2	4	6									
7	6	4	8	9	5	3	2	1									
2	5	8	1	3	7	4	6	9									
9	1	3	2	6	4	7	5	8									
1	9	5	3	4	8	6	7	2									
8	2	6	5	7	1	9	3	4									
4	3	7	9	2	6	1	8	5									

Myndasögur

PONDUS

GELGJAN

BARNALÁN

UNDRUFAGRAR VÖGGUVÍSUR VIÐ UNDIRLEIK JÓNS ÓLAFSSONAR

KitchenAid**HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT****KitchenAid**

Sanseraðir litir

FULLT VERÐ ... 107.990

(Hrærivél 92.995 + áhaldasett 14.995)

TILBODSVERÐ .. 92.995**FULLT VERÐ 104.990**

(Hrærivél 89.995 + áhaldasett 14.995)

TILBODSVERÐ ... 89.995**ESPRESSÓ
KANNA**6 BOLLA
Á HELLU**VERÐ ÁÐUR....4.995**
JÓLATILBOD ...3.995ALDREI
VERIÐ LÉTTARA
AÐ SLÉTTA ÚR
FLÍKUM**ARIETE
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD****VERÐ ... 9.995****JÓLABÚÐIN ÞÍN****byggto**g**búið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

**PHILIPS
Senseo**

1450W KAFFIVÉL

**VERÐ 13.995****Fissler Paris
POTTASETT**
3 stk

Fissler gæði

Fissler
Fissler. Perfect every time.**VERÐ ÁÐUR....24.995****TILBOD 19.995**CILIO
KÖKUDISKUR**VERÐ ... 5.495**

MORTÉL GRANÍT DAVID

**VERÐ ... 5.995****MEDISANA
BLÓÐPRÝSTINGSMÆLIR**Fyrir
upphandlegg**VERÐ 6.995****PHILIPS
TÖFRASPROTI**

550W

**FULLT VERÐ ... 9.995****TILBOD 7.995**SÚKKULAÐI FONDUE POTTUR
MELISSA**VERÐ 3.995****TAVOLA
SALATSKÁL
OG ÁHÖLD**

LÍTIL

VERÐ ... 6.995**AVIKEN
VÖFFLUJÁRN****VERÐ ÁÐUR.....8.995****TILBOD 6.995****HAMBORGARA
HEILSUGRILL****ARIETE**

Með brauðhitara

VERÐ 7.995**MELISSA
HEILSUGRILL
400W****VERÐ 5.995**KLEINUHRINGJA- OG
MÖFFIN JÁRN

MELISSA

VERÐ 7.995**MELISSA RACLETTE GRILL**

8 MANNA

VERÐ ... 7.995**JÓLATILBOD Á ÖLLUM
SJÁLFVIRKUM DOLCE
GUSTO KAFFIVÉLUM**Standur fyrir 24 kaffihylki,
3 kaffipakkar og After Eight
súkkulaði fylgja meðan
birgðir endast.**PHILIPS
RAKVÉL**

HLEÐSLUVÉL

**FULLT VERÐ ... 9.995****TILBOD 8.995**Melissa
**SMOOTHIE
BLANDARI****VERÐ ... 4.995****MELISSA
SAFAPRESSA**

400W

VERÐ 8.995**MELISSA
HUNDAKÖKU
GRILL****VERÐ 3.995****DANTAX ÖRBYLGJUOFN****VERÐ 9.995**

BÍLAR

Subaru að gera Bandaríkin frábær aftur!

Á meðan bandarískir bílaframleiðendur eru að flytja smíði margra bíla sinna úr landi er Subaru að flytja smíði bíla frá Japan til Bandaríkjanna. Það ætti að gleðja Donald Trump.

Bandarískir bílaframleiðendur hafa setið undir ámæli fyrir að vera að flytja mikið af framleiðslu sinni til annarra landa þar sem laun eru lægri, ekki síst smíði minni fólksbíla. Donald Trump hefur meðal annars hótað þeim að leggja á slíka bíla vænan skatt ef þeir rata að ströndum Bandaríkjanna, enda ríma þessar aðgerðir þeirra ekki við helst kjörorð Trumps, „Making America Great Again!“ Subaru er hins vegar að fara aðrar leiðir og ætlar að flytja framleiðslu sína á nýjum Impreza frá Japan til Banda-

rikjanna, nánar til tekið í verksmiðju sína í Lafayette í Indiana. Subaru hefur reyndar lengi framleitt bíla í Bandaríkjunum, enda er þar stærsti markaðurinn fyrir bíla fyrirtækisins.

Mikil framleiðsla í Lafayette og enn bætt við

Í Lafayette eru nú framleiddir 380.000 bílar á ári, en enn verður bætt í með framleiðslu Impreza, þó svo Subaru hafi ekki viljað gefa upp hvað stendur til að framleiða mikið af Impreza-bílum þar. Subaru framleiðir líka Legacy og Outback bíla sína í Lafayette. Forsvarsmenn



Subaru Outback hefur frá upphafi selst gríðarlega vel í Bandaríkjunum.

Subaru segja að Lafayette-verksmiðjan eigi sér langa sögu í framleiðslu hágæðabíla og að mikill kostur við staðsetningu hennar sé að mikið af ihlutaframleiðendum sem framleiða fyrir Subaru séu einmitt í nágrenni við verksmiðjuna og að stjórnendapátturinn þar sé mjög vel skipulagður og tilbúinn til aukinnar framleiðslu. Það er því kaldhæðnisleg staðreynd að japanskur bílaframleiðandi sé í raun að styðja

við stefnu Trumps um að auka við framleiðslu í Bandaríkjunum, en ekki flytja hana til annarra landa með lægri vinnulaunum, en á sama tíma séu bandarískir bílaframleiðendur að flytja framleiðslu sína frá Bandaríkjunum.

Þreföldun í sölu á 10 árum

Gríðarlega vel hefur gengið hjá Subaru að selja bíla sína í Bandaríkjunum á síðustu árum og í fyrra

voru þar seldir 582.675 bílar og enn fleiri munu seljast í ár og fer salan örugglega yfir 600.000 bíla markað. Fyrir aðeins 10 árum, eða árið 2006, seldi Subaru aðeins 200.703 bíla þar og var með 1,1% markaðshlutdeild. Í fyrra var sú hlutdeild orðin 3,34% og því hefur hún þrefaldast á þessum 10 árum. Subaru hóf að selja bíla sína í Bandaríkjunum árið 1968 og náði fyrst 100.000 bíla markinu árið 1978.

L-Mesitran

Náttúruleg sárgræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á www.wh.is.



Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekanum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

Alfa Romeo segir að Stelvio muni bæta met jeppa og jepplinga á Nürburgring

Alfa Romeo kynnti nýjan 505 hestafla jeppling sinn, Stelvio Quadrifoglio, á bílasýningunni LA Motor Show um daginn og vakti hann tilhlýðilega athygli, enda fer þar sprett-hardur jepplingur í meira lagi með sína 2,9 lítra V6 með tveimur forþjöppum. Forsvarsmenn Alfa Romeo segja að þessum bíl sé fært að slá met á meðal jeppa og jepplinga (SUV) á þýsku kappakstursbrautinni Nürburgring, en núverandi met á Porsche Cayenne Turbo, 7 mínútur og 59,74 sekúndur, og er hann eðlilega eini jeppinn sem farið hefur brautina undir 8 mínútum.

Vélin frá Ferrari

Vélin í Alfa Romeo Stelvio Quadrifoglio er ættuð frá Ferrari, en bæði fyrirtækin eru undir hatti Fiat-Chrysler-bílasamstæðunnar. Stelvio-nafn bílsins kemur frá skarð-



Alfa Romeo kynnti nýjan 505 hestafla jeppling sinn.

inu á hæsta fjallvegi Ítalíu sem teygir sig í næstum 3.000 metra hæð og þykir ein skemmtilegasta akstursleið Ítalíu, svo það er vel við hæfi að bill nefndur eftir því sé vel hæfur til að klifra upp það skarð. Stelvio-

billinn er með sama undirvagn og Giulia-fólksbíll Alfa Romeo og mikið ál er notað í bilinn til að gera hann eins léttan og kostur er. Billinn er 3,9 sekúndur í hundraði, sem er fáheyrt meðal jepplinga.

Magna Steyr þarf fleiri verksmiðjur

Austurríska fyrirtækið Magna Steyr, sem smíðar Geländerwagen (G-Class) fyrir Mercedes Benz, Countryman fyrir Mini og mun brátt líka setja saman 5-línu bíla BMW, þarf tilfinnanlega að stækka við sig því núverandi verksmiðja í Graz dugar ekki til. Magna Steyr setur ekki bara saman bíla fyrir ýmsa bílaframleiðendur, heldur smíðar ögn og býsn af aukahlutum í bíla fyrir enn fleiri af bílaframleiðendum heims. Eitt nýjasta verk efni Magna Steyr er að setja saman Jaguar I-Pace rafmagnsbilinn.

Magna Steyr horfir einna helst til Slóveníu varðandi nýja verksmiðju, en í því landi eru nú framleiddir meira en 200.000 bílar á ári og mikið af ihlutum í bíla. Er 21% af öllum útflutningi Slóvena bílar eða bílavarahlutir. Magna Steyr hefur nú þegar gert samninga um



Magna Steyr, sem smíðar Geländerwagen (G-Class) fyrir meðal annars Mini.

framleiðslu sex bilgerða fyrir fjóra bílaframleiðendur á árinu 2018 og einn þeirra er Toyota. Tekin verður ákvörðun um staðsetningu nýrrar verksmiðju í Evrópu á allra næstu mánuðum, en Magna er einnig að

ihuga byggingu enn annarra verksmiðja í Bandaríkjunum og Kína. Magna Steyr er þriðji stærsti bíla-ihlutaframleiðandi heims og seldi ihluti fyrir 3.530 milljarða króna í fyrra.



- Íslensk framleiðsla, framleitt af IDEX álglyggum ehf.
- Hágæða álprófilkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX

idex.is - sími 412 1700

framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO

- þegar gæðin skipta máli

JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

Danskur normannspínur – stór og falleg jólatré

Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla

ÓTRÚLEGT
VERÐI!

DANSKUR
NORMANNSPÍNUR
150–200 CM

3.990

Stk.

EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRDIR.

Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.



ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,



Iceland

Jólareikningur Netgíró

Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017

 Netgíró

Komtu þá jólaefting
Netgíró á www.netgíró.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.



BÍLAR



Seat Leon Cupra

SEAT LEON CUPRA
VERÐUR 300 HESTÖFL

Seat hefur haft í boði 280 hestafla Leon Cupra í nokkurn tíma en heyrst hefur að spænski bílaframleiðandinn muni brátt bjóða hann í 300 hestafla útgáfu eins og Volkswagen Golf R, en báðir bílarnir tilheyra stóru Volkswagen-bílasamstæðunni. Seat hyggst einnig bjóða hann í 290 hestafla útgáfu og með því hætta með 280 hestafla bílinn. Einnig hefur heyrst að Seat muni bjóða Leon Cupra bílinn fjórhjóladrifinn en þá í langbaksútfærslu. Sá bíll gæti borið stafina ST að auki. Sést hefur til Leon Cupra tilraunabíls í Þýskalandi með fjögur þúströr og víðari bretti og gæti þar verið kominn Leon Cupra R, en sá bíll væri enginn eftirbátur Volkswagen Golf R og líklega með sama hestaflafjölda undir húddinu.

Seat Leon í hefðbundinni útfærslu er einn helsti magnsölubíll Seat og seldist hann í fyrra í 160.000 eintökum og hefur sala hans meira en tvöfaldast á þremur árum. Seat-fyrirtækið mun í fyrsta sinn í langan tíma skila hagnaði í ár, en langvarandi taprekstur hefur verið á Seat.

Meðalaldur bíla kominn upp í 11,6 ár í Bandaríkjunum

Þrátt fyrir góða sölu nýrra bíla í Bandaríkjunum bæði í ár og í fyrra hefur meðalaldur bíla þar hækkað. Það sem veldur því er að eigendur eldri bíla þar hanga á þeim lengur en áður var og afskrá þá ekki. Skráðum bílum í Bandaríkjunum fjölgaði um 6,2 milljónir. Í fyrra seldust um 17,5 milljónir bíla í landinu og því hafa um 11,3 milljónir bíla verið afskráðar þá.

264 milljónir bíla

Heildarfjöldi skráðra bíla í Bandaríkjunum er nú 264 milljónir og nemur fjölgunin 2,4% á milli ára. Því er haldið fram að aukin gæði bíla séu meginástæða þess að fólk hendir þeim síður nú en áður. Reiknaður hefur verið út meðalaldur bíla í Bandaríkjunum árið 2002 og var hann þá 9,6 ár og hefur því hækkað um tvö ár síðan. Þá er einnig haldið utan um tölur um meðallengd eignarhalds á bílum og mælist það nú 79,3 mánuðir, eða 6,58 ár. Því er spáð að 0-5 ára gömlum bílum fjölgi um 16% til ársins 2021, en 6-11 ára bílum fjölgi um 5% og bílum sem eru 12 ára og eldri um 10%.

Mest fjölgun í eldri bílum

Í gögnum um skráða bíla í Bandaríkjunum kemur fram hin athyglis-



Þétt umferð á bandarískri hraðbraut.

verða staðreynd að mesta fjölgunin er í elstu bilunum. Því er spáð að 30% fjölgun verði á bílum 16 ára og eldri til ársins 2021 og að þeir fari úr 62 milljónum í 81. Þá er búist við

að bílar eldri en 25 ára verði orðnir meira en 20 milljónir. Um leið og meðalaldur bíla hækkar vestanhafs aukist líka þörfin fyrir varahluti og viðgerðir og þar liggja nú ágæt við-

skiptataekifæri og aukningin sé sýnileg á síðustu árum. Í ár stefnir í svipaða sölu nýrra bíla í Bandaríkjunum og í fyrra, eða um 17,5 milljónir bíla.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR?
VIÐ KYNNUM ARCTIC RETRO
FYRIR DÖMUR OG HERRA

VERÐ AÐEINS:
29.900,-

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 · sími: 551-4100
www.gilbert.is

Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is



Citroën Jumpy

Nýr Jumpy væntanlegur um áramót

Nýr Citroën Jumpy sendibíll er væntanlegur til Brimborgar um áramótin. Bíllinn státar af nýjustu tækni sem hönnuð er til þess að auðvelda líf ökumannsins og gerir Jumpy því að góðum vinnufélaga. Hönnun Citroën Jumpy er notendavæn og lagar sig að þörfum þess sem honum eður. Bíllinn tekur allt að 1.200 kg þungan farm og er rýmið allt að 6,6 m³, en hægt verður að fá Citroën Jumpy í þremur mismunandi lengdum. Í nýjum Jumpy er hægt að velja um klæðningar á gólf og hliðar

hleðslurýmishins til að verja hliðarnar og gera hleðslurýmið enn notadrygra.

Hreyfanleg skrifstofa

Hægt er að breyta Citroën Jumpy í hreyfanlega skrifstofu þegar þörf er á með því að leggja niður armpúðann á milli sætanna. Þar er borð sem hægt er að snúa til þæginda og á því er teygja til að halda tölvu eða blöðum á sínum stað. Með „Moduwork“ innréttingunni er hægt að fella farþegasætið saman og opna lúgu á þilinu

til að flytja lengri hluti. Flutningsrýmið lengist um 1,16 m og verður því heildarlengd flutningsrýmis í XL – löngu útgáfunni af Jumpy – 4 metrar. Í bilunum er flutningsnet við bilstjórasetið. Eldsneytislosun og mengun BlueHdi dísilvéla Citroën Jumpy er með því lægsta sem þekktist í þessum flokki sendibíla. Nýr Citroën Jumpy verður fánlegur í þremur lengdum og fánlegur í sendibíla- og fólkubílaútgáfu sem getur verið allt að 9 manna. Verð á Citroën Jumpy er frá aðeins 3.490.000 m.vsk.

Nýr Kangoo ZE fer 275 km á hleðslunni

Drægi nýrrar gerðar rafmagnsútgáfu Renault Kangoo mun aukast um 60% og kemst hann nú 275 km á hverri hleðslu, en fór áður 170 km. Þetta drægi miðast sem fyrr við bestu aðstæður en þeir Renaultmenn segja að búast megi við um 200 km meðaldrægi við algengustu aðstæður. Renault ætlar að kynna þessa nýju gerð sendibílsins þann 13. janúar á European Motor Show í Brussel. En hvernig selst þessi rafmagnsútgáfa Renault Kangoo? Í október seldust 557 eintök af þessum umhverfisvæna bíl, en til samanburðar seldust 1.656 eintök af söluhæsta rafmagnsbílnum þennan

mánuðinn, BMW i3. Í öðru sæti var Renault Zoe með 1.447 eintök seld og Mitsubishi Outlander EV í því þriðja með 1.444 eintök. Á fyrstu 10 mánuðum ársins hafa alls selst 3.404 eintök af Renault Kangoo ZE og því ljóst að salan á honum er að aukast og með tilkomu mun langdrægari útfærslu hans má búast við stóraukinni sölu. Renault Zoe seldist í 17.277 eintökum á

fyrstu 10 mánuðum ársins og í öðru sæti var Mitsubishi Outlander EV með 17.265 eintök. Norski pósturinn hefur pantað alls 300 eintök af Renault Kangoo ZE sendibílnum og það óvenjulega við þessa bíla er að þeir eru útbúnir dísildrifinni miðstöð svo halda megi góðum hita á starfsmönnum póstsins á köldum norskum vetrum.



FARTÖLVUR Í JÓLAPAKKANN

acer

FHD SKJÁR OG SSD

Vinsæl jólagjöf. Ótrúlegt verð fyrir 15,6" fartölvu með FHD háskerpuskjá og hraðvirkum SSD disk. Traustur Intel örgjörvi og 8GB vinnsluminni. Virkilega góð kaup.



ACE-NXGCEED042



ACE-NXGCEED060

acer

INTEL I3 FARTÖLVA Á AÐEINS 59.995!

Sérstaklega gott verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel i3 örgjörva og Intel HD5500 grafikkjarna. 20% lækkun og mikið fyrir peninginn.

ALLT GENGUR HRAÐAR MEÐ SSD!

SSD gera það sama og hefðbundnir harðir diskar. Með honum ræsir tölvan og forrit sig upp á aðeins nokkrum sekúndum, gagnaflutningur er hraðari auk þess sem þeir þola hnjask betur. SSD eru því mun hraðvirkari en hefðbundnir HDD diskar.



ASUS

ASU-GL552VWDM890T

LEIKJAFARTÖLVA MEÐ I5 OG SSD

Asus ROG fartölva með GTX960M leikjaskjækorti, 256GB SSD og Intel i5 HQ örgjörva. Kristaltær FullHD skjár og 8GB vinnsluminni.



I5 OG 512GB SSD!

ASUS ASU-F556UADM331T

20.000 króna afsláttur á þessari glæsilega hönnuðu og kröftugu 15,6" fartölvu með Intel i5 örgjörva og ristastjórum 512GB SSD disk.



NÝR INTEL I5 OG TVÖFALDUR DISKUR

acer ACE-NXG6ED077

Mjög öflug fartölva með nýja Intel i5 Kabylake örgjörvanum. Tveir diskar, 96GB SSD fyrir stýrikerfið og 1TB HDD. 15,6" FullHD skjár og 6GB vinnsluminni.



ZENBOOK MEÐ INTEL M3

ASUS ASU-UX330CAPURE4

Allur pakkinn í einni fartölvu. Ofurþunn, létt og glæsilega hönnuð. M3 örgjörvi sem tryggir langa rafhlöðuendingu, 8GB vinnsluminni og 256GB SSD diskur. 13,3" FullHD IPS skjár. Bang & Olufsen hátalarar.

TÖLVULISTINN

OPIÐ TIL 22

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES



Jólareikningur

INGREIÐSLA 2. FEBRÚAR

0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörgjald.

Einhæf túlkun olli vonbrigðum

TÓNLIST



Kammersveit Reykjavíkur flutti verk eftir Händel, einnig J.S. og C.P.E. Bach. Stjórnandi og einleikari: Jory Vinikour.

Norðurljós í Hörpu sunnudaginn 18. desember

Jóhann Sebastian Bach var ekki bara duglegt tónskáld, hann var líka duglegur í hjónasænginni. Hann átti sjö börn með fyrri konunni, en þá dó hún. Með síðari konunni þrúsaði hann niður þrettán börnum til viðbótar. Eitt af börnunum sem hann átti með fyrri konunni var Carl Philipp Emanuel. Hann fetaði í fótspor pabba síns og gerðist tónskáld. Ólíkt hinum formfasta pabba var tónlist sonarins þó miklu líflegri og tilfinningaþrungnari. Hún bar vissulega keim af barokktónlist, en horfði líka fram á veginn til Mozarts og Haydns, jafnvel til rómantíkurrinnar þar á eftir.

Kammersveit Reykjavíkur bauð því miður upp á nokkuð ósannfærandi flutning á tveimur verkum tónskáldsins í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn. Það fyrra var Sinfónía Wq 182/3. Aðeins strengjaleikarar spiluðu og leikurinn var að mestu laus við hnökra. En túlkunin var andlaus undir stjórn Jory Vinikour. Hröðu kaflarnir voru svo hressir og drífandi að það var of mikið og virkaði manískt. Ekkert mótvægi var við allt fjörið, hægi kaflinn var ósköp flatneskjulegur og karakterlaus. Almennt voru litbrigði af skornum skammti, það var einhvern veginn allt grátt.

Seinna verkið eftir tónskáldið var Sembalkonsert í d-moll Wq 23. Þar var Vinikour einleikarinn. Semballinn er forfaðir píanósins, en ekki er slegið með hömrum á strengina heldur eru þeir plockaðir með sérstökum mekanisma.

Það skiptir ekki máli hversu fast eða laus maður ýtir á nóturnar, styrkleikinn er ávallt sá sami. Þó er hægt að toga í nokkra takka til að breyta um styrk, en það er mun vélrænna en þegar píanóið er annars vegar.

Engu að síður hefur semballinn sinn sjarma, helsti gallinn er hversu veikróma hann er. Þegar um geisladisk er að ræða gerir það ekki til, en í tónleikasal verður þetta mjög bagalegt. Segjast verður eins og er að útkoman á tónleikunum olli vonbrigðum. Ég sat á aftasta bekk og heyrði lítið í sembalnum í samanburði við strengjaleikinn, sem virkaði alltof sterkur. Þetta var synd því einleikur Vinikour var ágætur, lipur og snyrtilegur. Það var bara ekki nóg. Betur hefði komið út ef spilað hefði verið á eldri gerðir strengjahljóðfæra sem eru mildari og því ekki eins yfirgnæfandi.

Annað á tónleikunum var ekki heldur gott. Jú, gestaleikur Áshildar Haraldsdóttur flautuleikara og Einars Jónssonar trompetleikara var að vísu yfirleitt pottþéttur. En Concerto Grosso BWV 8 eftir Händel risti ekki djúpt, hann var sama marki brenndur og Sinfónían sem áður var minnst á. Einsöngur Kristins Sigmundssonar í arium úr kantótu og úr Jónaóratóríunni eftir J.S. Bach og úr Messíasi eftir Händel var auk þess ekki fullnægjandi. Kristinn virtist ekki í sinu besta formi. Röddin var ögn râm og stundum voru hraðar nótnastrófur á mörkunum að vera hreinar. Kristinn má þó eiga það að hann söng aukalagið fallega, Nóttin var sú ágæt ein. Það var hins vegar býsna seint á dagskránni og gerði lítið til að bæta heildarmyndina.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Einhæf túlkun, misjafn einsöngur og léleg styrkleikahlutföll.



Magnús á bæjarrustum Breiðuvíkur þar sem Sigurður Óskar Pálsson ólst upp í nágrenni Borgarfjarðar eystri. MYND/MINNIE EGGERTSDÓTTIR

Ljóð ungskálda og endurbirt efni Sigurðar Óskars Pálssonar

Hið tvítuga Félag ljóðaunnenda á Austurlandi hefur gefið út tvær nýjar bækur. Önnur geymir ljóð ungskálda, hin sögur og frásagnarþætti eftir Sigurði Óskari Pálssoni (1930-2012).

Bók sem allir myndu lesa heitir önnur tveggja nýrra bóka hjá Félagi ljóðaunnenda á Austurlandi. Í henni eru fyrstu ljóð 10 ungra austfirskra höfundu. „Skáldin eru á menntaskólaaldri og þetta eru fyrstu ljóðin sem þau fá birt“, segir Magnús Stefánsson, formaður Félags ljóðaunnenda á Austurlandi og umsjónarmaður útgáfu þess.

Hann segir ungskáldin hafa verið valin í framhaldsskólunum tveimur fyrir austan og fengið tvö helgarnámskeið til að styrkja sig í skáldskapnum og þessa ljóðin.

„Myndlistarkennararnir í sömu skólum leituðu til nemenda sinna um tillögu að kápumynd á bókina og fyrir valinu varð mynd eftir ungerska stúlku, Katalin Karacsony sem er skiptinemi í Menntaskólanum á Egilsstöðum“, segir Magnús. „Katalin kom í september til landsins og þegar ég hitti hana á degi íslenskrar tungu 16. nóvember spjölluum við saman á íslensku og skildum fullkomlega hvort annað. Það fannst mér alveg með ólíkindum.“

Þá snúum við okkur að hinni bókinni. Með austangjólunni, eftir Sigurði Óskari Pálssoni, skólastjóra og skjalavörð, sem er fyrsta sögu- og frásagnabókin sem félagið gefur út, að sögn Magnúsar. „Efnið hefur birst áður að langmestu leyti, við erum bara að koma því á einn stað“, upplýsir hann.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi var stofnað árið 1996 og hefur gefið út 30 bækur, að þessum nýju meðtöldum. Þar hafa nær eingöngu birst ljóð þar til nú, nema hvað í ritsafni



Myndin á bókarkápu er eftir Katalin Karacsony.

SKÁLDIN ERU Á MENNTASKÓLAALDRI OG ÞETTA ERU FYRSTU LJÓÐIN SEM ÞAU FÁ BIRT.

Guðfinnu Þorsteinsdóttur, sem var fimm binda verk, voru sagnaþættir líka.

Aðalútgáfan hefur snúist um bókaflökkinn Austfirsk ljóðaskáld sem hófst árið 2001. Honum tilheyra nú 16 bækur, að sögn Magnúsar. „Fyrsta bókin í þeim flokki var eftir Sigurði Óskari. Hún seldist strax upp og við gáfum hana aftur út 2010. Sigurður Óskar var gott ljóðskáld og var sískrifandi, birti greinar í blöðum og tímaritum. Efnið sem við gefum út núna eru smásögur og frásagnir, vel skrifaðar og skemmtilegar. Ég hef verið að lesa upp úr bókinni víða og fengið góð viðbrögð.“

gun@frettabladid.is,

UPPHAF KAFLANS ÞÁ VAR SLEGINN DANS SEM BIRTIST Í BLAÐI DANS-HÓPSINS FIDRILDIN ÁRIÐ 1993

Ég var beðinn að skrifa endurminningu um einhvern dansleik frá því í ungðæmi mínu. Varla hefði verið hægt að finna óheppi-legru mann til slíkrar fróðleiksjóju með því að dansmennt hefur mér aldrei verið í iljar lagi þó ég væri að vísu að bera mig að krikajórtrast um gólfið eftir hægum takti eða þá böðlast og bolskrokkast eitthvað eftir hinum hraðari. Úr þessu stjálki og hokkinbrokki varð aldrei dans sem risi undir nafni, því miður.

Reki einhverja virðulega frú á sjötugsaldri til þess minni að hafa „dansað“ við mig fyrir röskum 40 árum er það ugglaust sökum lagi minnar við að troða henni um tær í orðsins fyllstu merkingu. Man ég gjörli, er skólasystir mín ein á Eiðum hljóðaði hástöfum og hér um bil grét á balli þar á staðnum, einhvern tíma um veturinn 1945-1946, vegna þeirrar átroðslu sem ég veitti tām hennar í danslist minni. Það var lúpulegur fáráðlingur sem larfalúðaðist útúr danssalnum og lét ekki sjá sig meir á þeirri skemmtan.

Úr bókinni Með austangjólunni eftir Sigurði Óskari Pálssoni bls. 115

Jóla matseðill

Black Angus borgari (150 g)

– dijonkrem, kál, rauðlaukssulta, franskar, japanskt mæjö

2.890 kr.

PROFIÐ PENNAN!

KRINGLU
Stofud
1. mars 1989
KRÁIN

www.kringlukrain.is

Í 1. SÆTI



„Enn eitt *meistaraverkið* ... *Petsamo* er ein með öllu.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... [Arnaldur] hefur bæði einstök tök á frásagnarlist og næmt *innsæi í fólk* og tilfinningar ...“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... *glæsileg* og *vönduð* ...“

VERA KNÚTSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„... *hrein unun* ... sjaldan hefur honum tekist jafn vel upp ...“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN



„... *hinir fjölmörgu aðdáendur Arnaldar ættu sannarlega að njóta þess að lesa hana.*“

KOLBRÚN BERGÞÓRSÐÓTTIR / DV



1.

Metsölulisti
Eymundsson

HEILDARLISTI VÍKA 49

1



BÓKSÖLU
LISTINN

HEILDARLISTI

06.–12.12.2016



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga fram að jólum 10–19 | Lokað á aðfangadag | www.forlagid.is

3.198
kr./kg



FJALLALAMBS HANGIKJÖT LÆRI

1.698
kr./kg

ÚR
KJÖTBORÐI



FK HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI

1.998
kr./kg



FJALLALAMBS HANGIKJÖT FRAMPARTUR

998
kr.



EGILS APPELSÍN 4 X 2L

598
kr.



COCOA PUFFS 467G

198
kr./pk.



MARSCHALL ÚTIKERTI 2 Í PK.

198
kr.



BALLERINA STRÜSSEL 190G

119
kr./stk.



COKE Í GLERI 0,25L

1.876
kr.



ÖMMUBAKSTUR LAUFBRAUÐ

1.998
kr.



KRISTJÁNS LAUFBRAUÐ

598
kr.



PIK-NIK STRÁ 225G

498
kr.



SENSEO XL REGULAR



- Tilvalið gjafakort

OPÍÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
20. des. þriðjudagur 09:00 - 19:00 / 21. des. miðvikudagur 9:00 - 22:00 / 22. des. fimmtudagur 9:00 - 22:00 /
23. des. föstudagur 9:00 - 22:00 / 24. des. föstudagur 9:00 - 12:30 www.fjardarkaup.is

298
kr.



HRÍSGRJÓNAGRAUTUR

198
kr.



BRETAGNE KJÚKLINGASÓSA

162
kr.



FLÖTESAUS

229
kr.



RAUÐVÍNSSÓSA

168
kr.



PIPARSÓSA

215
kr.



KANTARELL OG SVEPPASÓSA

438
kr.



POLO POUCH BAG
LITTLE ROLO GIANT TUBE 100G

298
kr.



158
kr.



ORA GRÆNAR BAUNIR 420G

266
kr.



ORA RAUÐKÁL 580G

398
kr.



AFTER EIGHT IRISH COFFE

376
kr.



AFTER EIGHT 300G

1.998
kr.



KONFEKT ÍSTERTA

798
kr.



KARAMELLU ÍSTERTA

348
kr.



TOBLERONE 200G

FJARÐARKAUP ALLT FYRIR JOLIN

**TAKTU ÞÁTT
Í SKEMMTILEGUM LEIK
og þú átt möguleika á
GLÆSILEGUM
VINNINGUM!**

55" Samsung Curved UHD
Apple Watch series 1 • iPhone 7 32 GB
Nordica Big Popper poppvél • Gjafakort frá
AEG Vampyr ryksuga • Electrolux ESB 2500 blandari
Gjafakort frá Fjarðarkaupum



FK
FJARÐARKAUP

AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA
20. DES. 9:00 - 19:00
21. - 23. DES. 9:00 - 22:00
24. DES. 9:00 - 12:30

FK
FJARÐARKAUP

Einstök vínátta frá fyrstu hlustun

A6



KR. 165.000,-

H8



KR. 75.000,-

Beolit15




KR. 78.000,-

H7



KR. 67.500,-

A9



KR. 339.900,-

H6



KR. 49.900,-

H5



KR. 44.900,-

H2



KR. 29.900,-

A1



KR. 39.900,-



Verið velkomin í glæsilega
verslun Bang & Olufsen í
Lágmúla 8 og heyrið hljóminn.
Það breytir öllu.

ORMSSON

Lágmúla 8 · sími 530 2800

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 Jóladaatal Afa
 07.05 Simpson-fjölskyldan
 07.25 Ærslagangur Kalla kaninu og félagi
 07.45 The Middle
 08.10 Mike & Molly
 08.30 Ellen
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.15 First Dates
 11.05 Drop Dead Diva
 11.50 Suits
 12.35 Nágrannar
 13.00 X-factor UK
 14.40 X-factor UK
 16.20 Planet's Got Talent
 16.45 Jóladaatal Afa
 16.55 Bold and the Beautiful
 17.20 Nágrannar
 17.45 Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.55 Íþróttir
 19.05 Fréttir Stöðvar 2
 19.20 The Goldbergs
 19.45 Modern Family Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
 20.10 Timeless
 20.55 Notorious
 21.40 Blindspot Önnur syrpa spennuþáttanna um Jane, unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er visbending um glæpamál sem þarf að leysa.
 22.30 Lucifer
 23.15 Black Widows
 00.00 Divorce
 00.35 Pure Genius
 01.20 Nashville
 02.05 The Brink
 02.40 NCIS
 03.25 11/22/63
 04.15 Legends
 05.00 Covert Affairs

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Premier League
 08.45 Messan
 10.15 Premier League
 11.55 Premier League
 13.35 Premier League
 15.15 Messan
 16.45 Þýski boltinn
 18.25 Þýsku mörkin
 18.55 Þýski boltinn
 21.00 Premier League Review
 21.55 Spænski boltinn
 23.35 Spænsku mörkin
 00.05 Bundesliga Weekly

STÖÐ 2 SPORT 2

08.15 Enska 1. deildin
 09.55 Enska 1. deildin
 11.35 Football League Show
 12.05 Spænski boltinn
 13.45 Spænsku mörkin
 14.15 Domino's-deild karla
 15.55 Körfuboltakvöld
 17.35 Premier League
 19.15 Messan
 20.45 NBA
 22.45 Þýski boltinn

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



TIMELESS

Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekktu glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.

ÞRÆLGÓÐUR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



NOTORIOUS

Hressilegir spennuþættir um hörkukvendið Julie sem framleiðir vinsæla fréttabætti og hinn úrræðagóða lögfræðing Jake sem svífst einskis til að fá sínu framgengt.



BLINDSPOT

Hörkuspennandi þættir um Jane Doe sem er aftur gengin til liðs við FBI eftir þriggja mánaða pyntingar sem hún slapp naumlega frá.



LUCIFER

Stórskemmtileg sería um hinn illa Lucifer sem snýr aftur en hann vill verða betri maður en áður. Hann kynnist Ellu Lopez og þá breytist allt.



THE MAZE RUNNER

Spennutryllir sem segir frá dularfullu lífi 60 unglingspíla sem lokaðir eru inni í litlu samfélagi sem er umlukid vöndarhúsi.



THE WIRE

McNulty kemst yfir bílnúmer Stringers á ótrúlegan hátt og Greggs og Carver handtaka burðardýr með fullan poka af illa fengnu fé en neyðast til að sleppa honum.



TARZAN

Skemmtileg teiknimynd um Tarzan sem elst upp frá æsku með öpunum í skóginum og þeir passa hann og halda yfir honum verndarhendi.



BÍÓSTÖÐIN

10.40 Ocean's Thirteen
 12.40 When the Game Stands Tall
 14.35 The Mask
 16.15 Ocean's Thirteen
 18.20 When the Game Stands Tall
 20.15 The Mask
 12.00 The Maze Runner Spennutryllir sem segir frá dularfullu lífi 60 unglingspíla sem lokaðir eru inni í litlu samfélagi sem er umlukid vöndarhúsi. Þeir muna ekki hvernig þeir lentu á þessum stað og trúa staðfastlega að vöndarhúsið sé leið þeirra út í frelsið. En að komast í gegnum það er hægara sagt en gert því við sólstur fara undarlegar og stórhættulegar verur á stj inni í vöndarhúsinu og enginn vill lenda í þeim.
 23.55 Bad Asses on the Bayou
 01.25 Frankie & Alice
 03.05 The Maze Runner

RÚV

12.20 Góð jól
 12.25 Jól með Price og Blomsterberg
 12.50 Blenheim höll: Frægt höfðingjasetur
 13.40 Leyndarlíf ungbarna
 14.30 Bandaríski ballettdansflokkurinn 75 ára
 16.20 Ljósmodirin – Jólþáttur
 17.35 Tákn málsfréttir
 17.45 KrakkaRÚV
 17.46 Jóladaatalið - Sáttmálinn
 18.12 Jóladaatalið - Leyndarmál Absalons
 18.45 Góð jól
 18.50 Krakkafréttir
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.10 Lorraine Pascale: Jólamatúr með litilli fyrirhöfn
 21.15 Castle
 22.00 Tiufréttir
 22.15 Veðurféttir
 22.25 Fallið
 23.30 Horfinn
 00.30 Kastljós
 01.00 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
 08.00 America's Funniest Home Videos
 08.20 The Grinder
 08.45 Grandfathered
 09.05 Life In Pieces
 09.30 The Muppets
 09.50 Parks & Recreation
 10.15 30 Rock
 10.40 Síminn + Spotify
 13.20 Dr. Phil
 14.00 The Good Place
 14.20 Kitchen Nightmares
 15.05 Life In Pieces
 15.25 American Housewife
 15.50 Survivor
 16.35 The Tonight Show
 17.15 The Late Late Show with James Corden
 17.55 Dr. Phil
 18.35 Everybody Loves Raymond
 19.00 King of Queens
 19.25 How I Met Your Mother
 19.50 Younger
 20.15 Royal Pains
 21.00 Code Black
 21.45 Madam Secretary
 22.30 Raising Helen
 00.30 Sex & the City
 00.55 Bull
 01.40 Quantico
 02.25 Code Black
 03.10 Madam Secretary
 03.55 The Tonight Show
 04.35 The Late Late Show with James Corden
 05.15 Síminn + Spotify

GOLFSTÖÐIN

08.00 Shell Houston Open
 10.00 PGA Tour
 10.55 LPGA Tour
 14.00 RBC Heritage
 17.00 PGA Tour
 17.55 Golfing World
 18.45 Bridgestone Invitational
 23.45 PGA Tour



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

PHILIPS ANDROID ULTRA HD

2 GamePad stýripinnar að verðmæti 9.990 fylgja með.

Philips PUT6401

Smart LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160p upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming Pro, 800 Hx PPI, Ambilight 2 bakljós og Android 5.1 nettenging með Google Play store. Netflix í 4K, 3 x USB og 4 x HDMI tengi.



49"

Philips 49PUT6401

VERÐ
109.995

FRÁBÆRT VERÐ

55"

Philips 55PUT6401

VERÐ
129.995

FRÁBÆRT VERÐ



Ariete

Ariete 185
1200w heilsu- og hamborgaragrill með viðlöðunarfriðum grillplötum, brauðhitara og fitubakka. Lætur vita með ljósi þegar grillið er tilbúið.

VERÐ
7.995

FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Má nota í sturtu

Philips S5400
AquaTec hleðslurakvél með SmartClick skegg- og bartsjera. Multi Precision hnifur. 5-direction FlexHead hausar. Rafhlöðumælir. Turbo mode. SmartClean hreinsistöð fylgir. Fyrir 100 - 240v.



VERÐ
14.995

FRÁBÆRT VERÐ

NÝ SENDING KOMIN



REVLON

REVLON RVHA6475
Hárblási með bursta. Þurrkar og sléttir úr hárinu á sama tíma. Með jónatækni.

VERÐ
7.995

FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips HR2505
Viva Collection saxari með ChopDrop tækni til að skera lauk. 1,1L skál. Ryðfrír stál hnifur. Einfalt að nota - bara á ýta niður. Má setja í uppþvottavél.



VERÐ
8.495

FRÁBÆRT VERÐ

MEDISANA
made for Life

Nýtt!



Medisana 88560
Andlitsbursti og andlitshreinsissett með 2 stillingum. Hreinsar húðina á 60 sek. 3 burstar og taska fylgja. Notar 2AA rafhlöður.

VERÐ
4.995

FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

Philips GC310
Steam&Go Gufubursti fyrir allan fatnað. 20 g/ mín gufa. 60 ml vatnstankur. 840W. Tilbúið til notkunar á 45 sek. 2.5m snúra. Bursti fylgir.

VERÐ
9.995

FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

Melissa 16310176
SOUS VIDE vacuumsuðutæki fyrir alla potta. Dælir vatni í 360°. LED skjár. Nákvæm hitastýring frá 5-100°C. Nákvæmni uppá 0,1°C. Tímastillir (allt að 99 klst).



VERÐ
17.995

FRÁBÆRT VERÐ

iRobot

RYKSUGU VÉLMENNI



iRobot Roomba iRo 605
Sjálfvirkur ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Háþróað burstakerfi sem tekur upp hár, ló o.fl. Þrífur parket, teppi, dúka og flisar.

VERÐ
49.995

FRÁBÆRT VERÐ



Öllum sjálfvirkum vélum fylgir 24 hylkja standur og 3 pakkar af kaffi að andvirði 8.680 kr.



Dolce Gusto kaffivélur
Sjálfvirkar Dolce Gusto MiniMe kaffivélur fyrir hylki. Tilbúnar til notkunar á 16 sekúndum og slökkva á sér eftir 5 mínútur.

VERÐ
14.995

FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips FC6150
Handryksuga með 9 mínútna notkun á fullri hleðslu Handfang með þægilegu gripi. 3.6v. 1 kg.

VERÐ
6.995

FRÁBÆRT VERÐ

JBL

Bluetooth

JBL T450BT
Nett og létt JBL Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema. JBL Pure Bass sound. Allt að 11 klst rafflaða.

VERÐ
7.995

FRÁBÆRT VERÐ

OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA




Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT



A New Hope
\$786.000.000
á heimsvísu



The Empire Strikes Back
\$534.000.000
á heimsvísu




Return of the Jedi
\$572.000.000
á heimsvísu




The Force Awakens
\$936.000.000
á heimsvísu

The Phantom Menace
\$1.027.000.000
á heimsvísu



Attack of the Clones
\$656.000.000
á heimsvísu



Rogue One
\$290.000.000
á heimsvísu



Revenge of the Sith
\$848.000.000
á heimsvísu

Svarthöfði eins og hann birtist í
Revenge of the Sith árið 2005.
NORDICPHOTOS/GETTY


Stjörnustríð í fjörutíu ár

Á næsta ári verða Stjörnustríðsmyndirnar 40 ára og af því tilefni tókum við á Lífínu saman tímalínu frumsýninga myndanna sem komnar eru út.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Fyrir skömmu var frumsýnd kvikmyndin Rogue One, sú fyrsta í hinum svokallaða Star Wars: Anthology-sagnabálki, en það eru í myndir sem gerast í Star Wars-heiminum en eru þó ekki hluti af sama söguþræði og „aðalmyndirnar“. Margir aðdáendur Star Wars-myndanna biðu gríðarspenntir enda alltaf mikil spenna í kringum útgáfu nýjustu mynda í þessari röð kvikmynda sem á næsta ári verður fjörutíu ára gömul, hvorki meira né minna.



A New Hope sló öll met þegar hún kom í biðhús árið 1977.
NORDICPHOTOS/GETTY

1977
Fyrsta Star Wars-myndin, A New Hope, kemur í kvikmyndahús. Myndin varð gríðarlega vinsæl og nýtt æði greip um sig.

1980
Premur árum síðar kemur framhaldið, The Empire Strikes Back. Í fyrstu var henni ekki tekið jafn vel af gagnrýnendum en hún hefur með tíð og tíma orðið ákaflega vinsæl og af mörgum talin besta Star Wars-myndin.

1983
Eftir önnur þrjú ár kemur Return of the Jedi, síðasta myndin í þrileiknum, út. Margir Star Wars nördar líta svo á að þetta hafi verið síðasta Star Wars myndin.

1999
En staðreyndin er sú að Episode I – The Phantom Menace er bíómynd sem er til í alvörðunni. The Phantom Menace þótti leggja meira upp úr tækniþrellum á meðan söguþráður og leikur var að því er virtist bara aukaatriði.


2002
Premur árum síðar kom út The Attack of the Clones. Aðdáendum Star Wars þótti hún eilítið betri en The Phantom Menace en staðreyndin var enn



Carrie Fisher og Harrison Ford kynna The Empire Strikes Back árið 1980.
NORDICPHOTOS/GETTY




Um allan heim var beðið með eftirvæntingu eftir Return of the Jedi árið 1983. Hér biður fólk fyrir utan kvikmyndahús í Kanada löngu áður en sýningar hófust. NORDICPHOTOS/GETTY



Það var múgur og margmenni á frumsýningu The Force Awakens í London í desember í fyrra. Myndin kveikti von í brjóstum Star Wars aðdáenda og þótti vel heppnuð.
NORDICPHOTOS/GETTY

sú að söguþráðurinn var mjög undarlegur og tækniþrellum enn í aðalhlutverki.

2005
Langskásta myndin úr Prequel-seríunni er af mörgum talin vera sú síðasta, Revenge of the Sith.



2015
Tíu árum síðar er Disney komið í spilið, George Lucas ekki með putta í öllu og J.J. Abrams heldur um leikstjórnartaumana og út kemur hin prýðilega The Force Awakens sem er framhald af Return of the Jedi og fyrsta myndin í nýjum framhaldspríleik.

2016
Á dögunum kom Rogue One út og hlaut góðar viðtökur.

2017
Í desember á næsta ári kemur næsta mynd í framhaldsseríunni út en hún hefur ekki enn hlotið titil og er sú áttunda í Star Wars sögunni.

2018
Eftir tvö ár er það hinn skrautlegi Han Solo sem verður tekinn fyrir í Anthology-seríunni.




Þessi drengur mætti uppáklæddur á hátíðarhöld í tengslum við frumsýningu Rogue One í Hollywood á fimmtudaginn var. NORDICPHOTOS/GETTY

Demantshringar frá 76.000 kr.

www.siggaogtimo.is

23 ár á toppnum



ÚTKALL KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa 23 ár í röð verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Óttari tekst á einstakan hátt að skapa mikla spennu í sögum sínum úr íslenskum raunveruleika. Einlægar frásagnir þeirra sem lenda í raununum, aðstandenda þeirra og björgunarfólks láta engan ósnortinn.

Ævintýri í óbyggðum

Bókin fyrir
útivistar-
fólkið



Sex valinkunnir
Íslendingar segja
frá útilegum og
ævintýraferðum

REYNIR TRAUSTASON



FÓLK Á FJÖLLUM ÆVINTÝRI Í ÓBYGGÐUM

Fólk á fjöllum er ný bók eftir blaðamanninn og fararstjórnann Reyni Traustason, þar sem sagt er frá ævintýrum sex Íslendinga sem allir eru sönn náttúrubörn og útivistarfólk. Bókin er full af spennandi frásögnum af fjallaferðum, svaðilförum og hetjudáðum þar sem ástin á óbyggðunum skín alls staðar í gegn. Útivistargarparnir Tómas Guðbjartsson, Sigríður Lóa Jónsdóttir, Valtýr Sigurðsson, Kerstin Langenberger, Ólafur Örn Haraldsson og Vilborg Arna Gissurardóttir segja sögur sínar í bókinni.



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA



Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærst.

bilson
-VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



Hér má sjá einn af jólakjólunum úr línunni By Birta. MYND/BIRTA.



Birta hefur hannað nýjar peysur undir merkinu By Birta. MYND/BIRTA



Birta Björnsdóttir fatahönnuður er komin með sitt eigið fatamerki. MYND/BIRTA

SPENNANDI JÓLAGJAFIR Á GÓÐU VERÐI

Gæða
þroskaleikföng



3D VR headset fyrir
farsíma að 6 tommum!
Frábær upplifun
Kr. 4500



Lifi ljósið!
Flott diskó pera
Kr. 1490

**HOKUS
POKUS**



www.hokuspokus.is

Verzlun og vefverzlun
Laugavegi 69 S. 551-7955

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG
FRYSTIKERFUM



Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar
mæla með
GUM
tannvörum

... fæst í næsta apóteki
og helstu stórmörkuðum

IceCare
- allar upplýsingar á www.icecare.is

Segir skilið við Júniform

Birta Björnsdóttir fatahönnuður hefur sagt skilið við fatamerkið Júniform sem flestar ef ekki allar íslenskar stelpur kannast við. Hún er nú komin með nýja línu á markaðinn og ber hún nafnið By Birta.

Ég stofnaði fatamerkið Júniform árið 2004. Í raun hófst þetta upphaflega um tveimur árum fyrr sem hrærigrautur af lítilli vinnustofu og litilli verslun. Þetta vatt upp á sig og alltaf varð meira og meira að gera. Ég var hvorki lærður fatahönnuður né hafði áður staðið í verslunarrekstri. Með tímanum fór viðskiptavinum fjölgandi," segir Birta Björnsdóttir fatahönnuður.

Árið 2008 flutti Júniform í stærra húsnæði í Ingólfsstræti 8, þar rak Birta verslun ásamt vinnustofu í fimm ár. Núna býr Birta í litlum bæ rétt fyrir utan Barcelona ásamt fjölskyldu sinni, þar sem hún hannar flikur fyrir nýjasta merkið sitt.

"Lífið í Barcelona er afar þægilegt og stressfritt. Það er óneitanlega vel metið að geta vaknað allan ársins hring í birtu og hlýju. Lífið hér er einnig mikið utandyra og félagslega er það töluvert öðruvísi en hér á landi. Við hjónin höfðum lengi verið með mikla útþrú en lífið virtist ganga of vel á Íslandi til að geta farið frá því. Það kom samt sá dagur að við ákváðum að slá til. Ég lokaði versluninni sem þá gekk afar vel og við höldum á vit ævintýrana til Barcelona. Nú hafa aðrir tekið við Júniform-kyndlinum og ég held

**ÞETTA VERÐUR LÍTIL
VERSLUN MEÐ FÁAR
VÖRUR, ÉG VERÐ EKKI MEÐ
„COLLECTIONS“ HELDUR BÆTI
ÉG VIÐ FLÍK OG FLÍK ÞEGAR ÞÆR
VERÐA TILBÚNAR.**

mína leið," útskýrir Birta og bætir við að hún sé komin með nýtt merki sem ber nafnið By Birta.

Óhætt er að segja að By Birta sé virkilega persónuleg hönnun, þar sem Birta saumar nánast allar flikurnar sjálf.

"Þessar flikur eru mestmegnis „one off“ flikur, það er að segja ein af hverri. Ég ráfa um markaði og heildsölu í Barcelona og sanka að mér áhugaverðum eignum og hlutum og vinn svo úr þeim og þá einungis eina og eina flík. Það er óneitanlega mun meira efnaúrval hér úti og hugmyndirnar þess vegna ótakmarkaðar," segir hún.

En hvar færðu innblástur fyrir hönnunina þína? „Alls staðar, úr timaritum, sjónvarpi eða á götum Barcelona-borgar. Eftir þetta mörg ár í faginu kemur innblásturinn oft lúmskt að manni. Oft fæ ég einhverja tilfinningu fyrir því sem

koma skal í tiskustraumum komandi árs og hendi í nokkrar flíkur. Svo einhverju seinna fer ég að sjá þessa sömu hluti dúkka upp í blöðum og búðum. Það er ekki eins og ég sjái þessa hluti skýrt áður, heldur er eins og maður sjái hvert hlutirnir stefna," segir Birta.

Hægt verður að kaupa vörur af Birtu í gegn um vefverslunina by-birta.com, þar sem allir geta keypt þær flikur sem eru til sölu þar og fær fólk þær svo sendar innan skamms.

"Þetta verður lítil verslun með fáar vörur, ég verð ekki með „collections“ heldur bæti ég við flik og flik þegar þær verða tilbúna. Þetta verður organískt og óskipulagt ferli," segir Birta og bætir við að ef flikin er uppseld á vefsíðunni er velkomið að hafa samband og panta aðra svipaða.

Fram undan er nóg um að vera hjá Birtu en á þessari stundu er hún stödd á Íslandi með fjölskyldu sinni.

"Mér finnst ógurlega gott að vera komin heim og góð tilbreyting að koma í myrkið og kuldann... það er svo kósi! Ég er núna á fullu að sinna vefbúðinni og því sem fylgir. Í janúar mun ég svo halda til Spánar aftur og halda áfram að hanna og sauma," segir Birta að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sígfrús Órn Einarsson sigfus@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



MOUNT
HEKLA



patagonia®



101 REYKJAVÍK SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12 S. 578 - 6090

Bakpankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Leiðbeiningar með hamingjuhjóli

Flaust er það rétt hjá Megasi að ókeypis er allt það sem er best en síðan þarf að greiða dýru verði það sem er verst. En það sem þessi rándýri hryllingur hefur fram yfir okkar ókeypis djásn er að með honum koma ítarlegar leiðbeiningar. Meira að segja tannburstanum fylgja verkfræðilegar lýsingar um notkun. En hvernig snýr maður hamingjuhjólinu? Hver leiðbeinir manni um það? Sá er hljóðlátur meðan ófáir og háværir blekkingarmeistarar leiða hamingjuhjólréiðafólk út í mýri með villuljósum.

Hér ættu Neytendasamtökin að grípa inn í og láta hanna leiðbeiningar með hamingjuhjólinu. Þær gætu litið svona út:

- 1) Hamingjuhjólið er ekki framleitt í þrækkunarverksmiðju í Kína heldur hér og nú.
 - 2) Hégómafolk ætti að höndla hjólið undir eftirliti, annars er því hætt við að hafa það inni í stofu og snúa því einungis þegar gesti ber að garði.
 - 3) Varast ber að rúlla því um of í bröttum brekkum, því háttalagi fylgja ótal stundir sem fara í að rúlla því upp aftur, sem er lýjandi.
 - 4) Ekki gleðjast þegar springur hjá öðrum, það hleypir illu lofti í dekkið hjá þér.
 - 5) Ekki hika við að setja hjól þitt undir vagn sem flytur gott fólk.
 - 6) Veldu þér vegferð sem þér sjálfum finnst skemmtileg að aka, í stað þess að elta fina fólkíð.
 - 7) Þegar það springur hjá þér skaltu vinda þér umyrðalaust í viðgerðir þó svo virðist í fyrstu sem óhappið sé heiminum að kenna.
 - 8) Biddu fólk að færa sig eða beygðu fram hjá því frekar en að aka yfir það.
 - 9) Hjólið er aðeins hannað til fólksflutninga yfir hrjóstrugt landslag lífsins. Notist ekki til vöruflutninga.
- Frekari upplýsingar má finna í ljóðum Megasar.
Neytendasamtökin.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Mundu að halda utan um tímaskráningu þína – líka í desember

4 dagar til jóla

VR

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Sofðu vel um jólin

Heilsurúm fyrir þá allra kröfuhörðustu



BODYPRINT HEILSUKODDAR

20% afsláttur

Jólatilboð kr. 14.320.-
Verð áður kr. 17.900.-
Mikið úrval af heilsukoddum í mismunandi stærðum og stíleikum

HEFEL

20% afsláttur

Besta sængurverasettið úr Micro Tencel.
Fyrir þá allra kröfuhörðustu.
100% náttúrulegt efni

Crabtree & Evelyn LONDON

Jólavörur sem gera heimilið enn jólalegra

20-50% afsláttur

Úrval af náttslöppum fyrir dómur og herra
Úrval af gæða handklæðum

20% afsláttur

Sængur og koddar í úrvali

20-30% afsláttur

Eitt mesta úrval landsins af sængurverasettum

Hægindastólar og sófar í úrvali

BODYPRINT® GLÆNÝ IQ-CARE

Bodyprint heilsudýna Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af nýjum heilsukoddum

Þú færð jólagjöfina hjá okkur....

Opið alla daga til jóla - Sjá svefn.is



Kíktu á www.reverie.com



*3.5% lántökugjald

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is